



**Háskólinn  
á Akureyri**  
University  
of Akureyri

# „Mér þótti ekki mikill tilgangur með bókmenntafræði á þeim tíma“

Viðhorf útskrifaðra nemenda til íslenskukennslu í  
framhaldsskóla

Guðmundur Friðbjarnarson

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
2021



# „Mér þótti ekki mikill tilgangur með bókmenntafræði á þeim tíma“

Viðhorf útskrifaðra nemenda til íslenskukennslu í  
framhaldsskóla

Guðmundur Friðbjarnarson

30 eininga lokaverkefni sem er hluti af  
Magister Educationis-prófi í menntunarfræði

Leiðsögukenndari:  
Finnur Friðriksson

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, 11. júní 2021

Titill: „Mér þótti ekki mikill tilgangur með bókmenntafræði á þeim tíma“. Viðhorf útskrifaðra nemenda til íslenskukennslu í framhaldsskóla  
Stuttur titill: Viðhorf útskrifaðra nemenda til íslenskukennslu í framhaldsskóla  
30 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Educationis-prófi í menntunarfræði.

Höfundarréttur © 2021 Guðmundur Friðbjarnarson  
Öll réttindi áskilin

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Sólborg, Norðurslóð 2  
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:  
Guðmundur Friðbjarnarson, 2021, meistaraþrófsverkefni,  
kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 89 bls.

Prentun: Ásprent  
Akureyri, júní, 2021

# Ágrip

Íslenskukennsla er ein af kjarnagreinum aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla. Viðhorf nemenda til íslenskukennslu hefur ekki verið mikið rannsakað. Markmið rannsóknarinnar var að skoða viðhorf útskrifaðra nemenda úr framhaldsskóla til íslenskukennslu í heild sinni. Auk þess voru væntingar nemenda skoðaðar og hvort þeir upplifðu tilgang með náminu. Rannsókn þessi er byggð á eigindlegri aðferðafræði og voru tekin opin einstaklingsviðtöl við sjö viðmælendur. Viðmælendur útskrifuðust með stúdentspróf úr framhaldsskóla á árunum 2012-2020. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að flestir þátttakendur voru jákvæðir gagnvart eigin upplifun af íslenskunámi í framhaldsskóla. Tæplega helmingur þátttakenda hafði litlar væntingar til náms síns í íslensku og rúmlega helmingur með væntingar sem tengdust málfræði. Einn þátttakandi var auk þess með væntingar um að geta nýtt íslenskuna í áframhaldandi námi. Mörgum þátttakendum fannst mikil áhersla lögð á bókmenntafræði, sögur og Íslendingasögur og flestum fannst vægi bókmenntafræðinnar of mikið. Meirihluti þátttakenda hefði ekki þegið að skrá sig í fleiri áfanga í íslensku. Flestir þátttakendur töluðu um góða eða ágæta hæfni í íslensku í dag og sáu tilgang með námi sínu í íslensku.

# Abstract

The school subject Icelandic is one of the key components of the curriculum, for both elementary schools and high schools as well as colleges in Iceland. Nonetheless, the attitude of students towards the teaching of Icelandic has not been thoroughly researched. The objective of the research was to look into the perception of graduated students, with regards to the study of the Icelandic language as a whole. In addition, the level of the students' expectations was looked into along with how purposeful they felt their studies were. This research is qualitative and seven in-depth interviews were conducted. All participants had finished matriculation examinations between 2012-2020. In essence, the result was that most of the participants held a positive view when it came to their individual Icelandic language education. Almost half of the participants had low expectations towards their Icelandic language education and over half had expectations of furthering their grammar knowledge. One participant had expectations to use his knowledge for further studies. Many participants felt there was a huge emphasis on literary studies, stories and the Icelandic Sagas. The majority of participants would not have signed up for more Icelandic language courses and spoke about the importance of competent use of the Icelandic language and could see the importance of studying it.

# Formáli

Rannsókn þessi er lokaverkefni til meistaraþrófs í menntunarfræðum við kennaradeild í Háskólanum á Akureyri og gildir 30 ECTS. Rannsóknin er eigindleg þar sem niðurstöður byggja á gögnum úr opnum einstaklingsviðtölum sem tekin voru við sjö einstaklinga sem höfðu lokið stúdentsprófi við framhaldsskóla. Markmið rannsóknarinnar var að skoða viðhorf útskrifaðra nemenda úr framhaldsskóla til íslenskukennslu í námi sínu. Auk þess var verið að skoða væntingar nemenda og hvort þeir upplifðu tilgang með náminu.

Ástæða þess að þetta viðfangsefni varð fyrir valinu var aðallega sú hve lítið viðhorf nemenda í framhaldsskóla til íslenskukennslu hefur verið rannsakað. Það voru mjög fáar rannsóknir sem sneru beint að þessu viðfangsefni og þótti höfundu mikilvægt að viðhorf nemenda væri skoðað.

Við gerð þessa verkefnis var Finnur Friðriksson dósent við Háskólann á Akureyri leiðbeinandi. Ég vil þakka honum fyrir góða leiðsögn og góð ráð. Ég færi fjölskyldu minni og tengdafjölskyldu minni bestu þakkir fyrir stuðninginn og þolinmæðina meðan á náminu stóð, þá sérstaklega við gerð þessa verkefnis. Auk þess þakka ég Bjarna Jónassyni fyrir yfirlestur á verkefninu. Að lokum langar mig að þakka öllum þeim einstaklingum sem tóku þátt í rannsókninni en án þeirra hefði hún ekki orðið að veruleika.





# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>SKÓLASTARFIÐ OG ÍSLENSKAN</b> .....	<b>5</b>
<b>3</b>	<b>ÍSLENSKUKENNSLA Í SKÓLUM</b> .....	<b>13</b>
3.1	AÐALNÁMSKRÁR GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLA Í GEGNUM TÍÐINA.....	13
3.2	MARKMIÐ AÐALNÁMSKRÁR FRAMHALDSSKÓLA .....	17
3.3	ÍSLENSKA Í FRAMHALDSSKÓLUM .....	19
3.4	RANNSÓKNIR Á ÍSLENSKUKENNSLU.....	21
3.5	SAMANTEKT .....	27
<b>4</b>	<b>AÐFERÐIR</b> .....	<b>29</b>
4.1	PÁTTTAKENDUR RANNSÓKNARINNAR .....	30
4.2	GAGNASÖFNUN OG ÚRVINNSLA GAGNA .....	33
4.3	SÍÐFERÐILEGAR HLIÐAR.....	35
4.4	TAKMARKANIR RANNSÓKNARINNAR .....	36
<b>5</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>37</b>
5.1	REYNSLA AF NÁMI Í ÍSLENSKU .....	37
	<i>Jákvæð upplifun</i> .....	38
	<i>Almenn velgengni</i> .....	40
	<i>Bókmenntir í öndvegi</i> .....	41
	<i>Haldið í hefðir en ákall í nútímann</i> .....	43
5.2	VÆNTINGAR TIL NÁMS Í ÍSLENSKU .....	45
	<i>Almenn þekking</i> .....	46
5.3	VIÐHORF TIL NÁMS Í ÍSLENSKU .....	48
	<i>Jákvætt mat á eigin hæfni</i> .....	48
	<i>Tilgangur út í lífið</i> .....	49
	<i>Grunnurinn nóg</i> .....	52
5.4	SAMANTEKT .....	53
<b>6</b>	<b>UMRÆÐUR</b> .....	<b>55</b>
6.1	JÁKVÆÐ UPPLIFUN OG GOTT SJÁLFSMAT .....	56
6.2	ALMENN VITUND.....	62
6.3	SÁTT VIÐ SITT FRAMLAG.....	63
6.4	SAMANTEKT .....	65
<b>7</b>	<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>67</b>

<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>69</b>
<b>VIÐAUKI .....</b>	<b>77</b>





# 1 Inngangur

Íslenskan er ólík flestum námsgreinum skólakerfisins að því leyti að hún er kjarnagrein á grunn- og framhaldsskólastigi, ásamt ensku og stærðfræði. Hún er með fleiri kennslustundir heldur en allar aðrar námsgreinar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 52-53). Aðalnámskrá er einkonar leiðarvísir um það hvernig nám eigi að vera uppbyggt og hver markmið náms eigi að vera. Eitt af hlutverkum hennar er að veita starfsfólki í skólakerfinu leiðbeiningar um hvernig skólastarfi skuli háttað. Í aðalnámskrá er að finna þann ramma sem skólastjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skóla eiga að vinna eftir við framkvæmd, skipulagningu og mat á skólastarfi. Þeim er t.d. skylt að útfæra skólanámskrá fyrir hvern skóla sem á að vinna eftir. Aðalnámskrá er byggð á lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008), grunnskóla (nr. 91/2008) og leikskóla (nr. 90/2008) og er sett saman til að birta heildarsýn menntunar og ítrekar þá stefnu sem er sett í menntamálum með lögnum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 7).

Líkt og stendur hér að ofan er mikilvægt að hafa í huga að íslenskukennsla er byggð á aðalnámskrá og því verður fjallað nánar um aðalnámskrá síðar í ritgerðinni. Meginmarkmið verkefnisins er þó að skoða viðhorf nemenda til íslenskunáms, en það hefur ekki verið mikið rannsakað. Af því efni sem er til ber helst að nefna rannsóknaverkefnið *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga*. Niðurstöður þeirrar rannsóknar voru gefnar út í bókinni *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* árið 2018. Sú rannsókn var viðfangsmikil og tók nokkur ár. Í stuttu máli snerist rannsóknin um notkun og túlkun íslenska skólakerfisins á móðurmálinu og menningu. Einnig sneri rannsóknin að því að

skoða hvað ætti að kenna í íslenskunámi og hvernig. Rannsókninni var skipt upp eftir grunnþáttum aðalnámskrár. Þar kemur m.a. fram að ritunarkennsla í framhaldsskólum markaðist frekar af því að hafa grunnþekkingu ásættanlega frekar en að læra flóknari hluti, að ekki væri lögð áhersla á sérstaka kennslu í töluðu máli, áhorfi og hlustun og að endurskoða mætti lesefni í hverjum aldurshópi fyrir sig, sér í lagi unglingsstigs og framhaldsskóla. Einnig kom fram að nemendur í framhaldsskólum finnst ritmálið sem er kennt frekar leiðinlegt en skilji mikilvægi þess innan skólakerfisins. Þess skal geta að þetta eru eingöngu þrjú punktar úr þessari rannsókn sem kom inn á enn fleiri þætti íslenskukennslu (Kristján Jóhann Jónsson o.fl., 2018, bls. 8).

Hanna Óladóttir (2017) rannsakaði málfræðikennslu í grunnskólum á Íslandi og spurði hvað eigi að kenna í málfræði og hvers vegna. Hún rannsakaði hvað kemur fram í aðalnámskrám varðandi málfræðikennslu, samræmd próf og námsefni. Hún rannsakaði einnig hvaða hugmyndir íslenskukennarar hafa um eigið hlutverk í starfi og hugmyndir þeirra um tungumálið. Hanna komst m.a. að því að kennarar sjá það sem markmið sitt að gera nemendur að betri málnotendum. Nemendur telja að eitt helsta markmið málfræðikennslunnar sé að kenna þeim rétt mál. Þessum rannsóknum hér að ofan og öðrum sem snerta á íslenskukennslu verða gerð frekari skil í fræðilegri bakgrunnsúmfjöllun hér að neðan. Rannsókn Hönnu er ekki á framhaldsskólastigi og ekki heldur flestar þær rannsóknir sem sagt verður frá hér seinna. Því er ekki hægt að áætla að niðurstöður séu sambærilegar við viðhorf til íslenskunáms á framhaldsskólastigi. Einnig eru ekki margar íslenskar rannsóknir þar sem viðhorf nemenda eru skoðuð.

Nemendur sem lokið hafa framhaldsskóla voru fengnir til að deila reynslu sinni af náminu í þeirri rannsókn sem greint er frá í þessari ritgerð. Markmið rannsóknarinnar var að skoða viðhorf útskrifaðra nemenda úr framhaldsskóla

til íslenskukennslu í heild sinni. Auk þess voru væntingar nemenda skoðaðar og hvort þeir upplifðu tilgang með náminu. Þær rannsóknarspurningar sem leitast verður við að svara hér eru:

- Hvaða reynslu hafa útskrifaðir nemendur af íslenskukennslu í framhaldsskóla?
- Hvert er viðhorf nemenda til íslenskukennslu í framhaldsskóla?
- Hverjar voru væntingar útskrifaðra nemenda til íslenskukennslu í framhaldsskóla?

Rannsókn sem þessi getur nýst kennurum, stjórnendum, stefnumótunaraðilum, nemendum og öllum þeim sem hafa áhuga á málefninu.

Ritgerðinni er skipt upp í nokkra kafla. Fyrst verður fjallað um upphaf íslenskukennslu þar sem farið er yfir íslenskukennslu í sögulegu samhengi. Því næst verður farið yfir íslenskukennslu í skólum þar sem fjallað verður um aðalnámskrá, markmið hennar og íslensku í framhaldsskólum. Fjórði kafli er aðferðafræðikafli þar sem greint verður frá rannsókninni. Því næst fylgja niðurstöður og að endingu verður farið yfir umræður og lokaorð fylgja í kjölfarið.





## 2 Skólastarfið og íslenskan

Framan af var lítið um skipulagða kennslu hérlendis ætlaða ungmennum og sú kennsla sem fór fram var fyrst og fremst lestrarkennsla. Árið 1746 var húsagatilskipunin fest í lög en í henni fólst að húsbændur á hverjum bæ voru ábyrgir fyrir því að börn myndu læra lestur og fá fræðslu um kristni um svipað leyti og þau myndu fermast (Heimir Pálsson, 2001). Lítið var um breytingar á menntakerfi landsins þar til Bessastaðaskóli var stofnaður. Skólinn var ein af tveimur menntastofnunum á Íslandi á árunum 1805-1846. Skólanum var skipt í tvennt, neðri og efri bekk. Þegar skólinn tók til starfa voru nemendur á aldrinum 17-28 ára en seinna var ákveðið að taka ekki inn nemendur eldri en 18 ára með undantekningum. Nemendur voru í flestum tilvikum synir embættismanna eða stórbænda. Íslenskar stílæfingar voru ein af námsgreinum skólans (Svavar Þór Guðmundsson, 2006, bls. 96).

Íslensku sem námsgrein í skóla var fyrst gerð skil í reglugerð við Lærða skólann þegar hann var stofnaður árið 1846. Þá átti að háttá skólamálum hér á landi að danskri fyrirmynd og því var Bessastaðaskóla skipt í Prestaskólann og Lærða skólann. Til að hefja nám við Lærða skólann þurftu drengir að hafa náð fjórtán ára aldri. Reglugerð Lærða skólans kvað á um að íslensku ætti að kenna í öllum bekkjum. Stjórn kirkju- og kennslumála í Danmörku gerði reglugerðina fyrir Lærða skólann. Tilgangur kennslunnar samkvæmt þessari reglugerð var að kynna nemendum almennar hugmyndir um málfræði, kenna þeim að rita móðurmál sitt eftir réttum reglum og kynna þeim bókmenntasögu Íslands. Málfræðin sem var kennd var fengin úr erlendum málum þó hún hafi verið kennd á íslensku. Klassísku fræðin voru enn sterk innan skólans en íslensku var

aðeins útteilt einni kennslustund á viku. Reglugerðin sem kom frá Danmörku var almenn og kvað ekki á um hvaða ritreglum ætti að fara eftir og hvaða bókmenntir ættu að vera til kennslu (Heimir Þorleifsson, 1975, bls. 110-112; Reykjavíkurbósturinn, 1846-1847).

Barnaskólum fór ört fjölgandi á seinni hluta 19. aldar. Barnaskóli Reykjavíkur var stofnaður árið 1862 og fékk íslenska sem námsgrein sömu skilgreiningu innan barnaskóla og hún hafði fengið í Lærða skólanum sextán árum áður. Þá var íslenska skilgreind sem ein af grunnnámsgreinum Barnaskóla Reykjavíkur í reglugerð sem rétt eins og reglugerð Lærða skólans var gefin út af stjórn kirkju- og kennslumála í Danmörku. Reglugerð Barnaskóla Reykjavíkur var birt í *Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands*. Íslenska var ekki skilgreind sem ein námsgrein í þessari reglugerð heldur er henni skipt í tvo hluta, bóklestur og skrift. Þessar tvær námsgreinar eru skilgreindar sem skyldunámsgreinar skólans ásamt þremur öðrum námsgreinum. Hinar þrjár námsgreinarnar voru reikningur, söngur og trúarlærdómur. Reglugerðin tilgreindi að ávallt mætti þó veita tilsögn í íslenski málfræði og rétttritun (*Tíðindi um Stjórnarmálefni Íslands*, 1875, bls. 617). Reglugerðin sem var gerð fyrir Barnaskóla Reykjavíkur varð helsta fyrirmynd þeirra reglugerða sem síðar voru gerðar fyrir aðra barnaskóla í þéttbýli. Íslensku sem námsgrein var skipt í lestur og skrift og var orðin hluti af íslensku skólastarfi og tilgreind sem námsgrein eða námsgreinar í öllum barnaskólum landsins eftir 1866 (Loftur Guttormsson, 2008, bls. 56-59).

Fram að aldamótunum 1900 bar lítið á hugmyndum um menntaheimspeki í skólastarfi á Íslandi. Fram að því virtist nám snúast að stórum hluta um utanbókarlærdóm þar sem skilningur var ekki markmið kennslunnar. Slíkar áherslur í kennslu höfðu verið gagnrýndar en kennsla lítið breyst. Það var ekki fyrr en *Lýðmenntun* eftir Guðmund Finnbogason kom út árið 1907 að áherslur í skólastarfi fóru að breytast. Þar komu fram hugmyndir um að mikilvægt væri

að nemendur huguðu að því hvers vegna þeir legðu stund á nám. Forsendur náms væru að nemendur sæju tilgang með því og tengdu það eigin reynslu. Í *Lýðmenntun* var lögð rík áhersla á að breyta þyrfti kennslu þannig að nemendur gætu fremur orðið gagnrýnir og sjálfstæðir í hugsun. Þá var lagt til að leggja niður utanbókarlærdóm sem kennsla hafði snúist um fram að þessu (Guðmundur Finnbogason, 1994).

Árið 1907 voru jafnframt sett á fræðslulög á Íslandi. Þar kom fram að öllum börnum á aldrinum 10-14 ára skyldi vera kennt og sú kennsla yrði könnuð með árlegum prófum. Börn áttu rétt á að fá 8 vikna kennslu á ári samkvæmt nýju fræðslulögum (Loftur Guttormsson, 1992, bls. 213-215). Þessi lög héldust nokkurn veginn óbreytt í tæp tuttugu ár. Í þeim var íslenska tiltekin sem námsgrein og í fyrsta skipti ekki álitin stoðgrein fyrir kristinfræði samkvæmt Lofti Guttormssyni (1993, bls. 9-10) en fram að þessari lagasetningu hafði íslenskukennsla einkenst af kristilegu siðferði. Þá var trúarlegt efni sem svipaði til gömlu kristindómsfræðslu hefðarinnar mest notað til lestrarkennslu. Í þessum nýju lögum var tiltekið að íslenskukennsla ætti að byggja á lestri, bókmenntum og sögu landsins. Skömmu eftir setningu fræðslulaganna kom út kennslubók sem einkenndist af þjóðernisrómantík sem tók við af kristilegum siðferðisboðskap (Loftur Guttormsson, 1993, bls. 13-14). Bókin hét *Lesbók handa börnum og unglíngum* og í henni voru að finna kvæði og stuttar sögur sem voru hugsuð sem góðar lestraræfingar. Bókin kom út í þremur bindum á árunum 1907-1910. Efni bókarinnar tengdist sögu íslensku þjóðarinnar og átti að auka þekkingu nemenda á íslenskum skáldskap (Loftur Guttormsson, 1993, bls. 18).

Árið 1926 var fræðslulögum breytt en þá var kennsla leyfð fyrir börn allt frá sjö ára aldri. Einnig var heimilað, ef tækifæri gáfust, að unglíngum á aldrinum 14 til 17 ára yrði kennt, en það var háð því hvort kennarar hefðu tíma

til þess að kenna þeim. Tíu árum síðar, eða árið 1936, var skólaskylda barna á aldrinum 7 til 14 ára bundin í lög (Helgi Elíasson, 1945). Samhliða lagabreytingunni um skólaskyldu var Ríkisútgáfa námsbóka stofnuð. Tilgangur stofnunarinnar var að sjá skólum fyrir tilheyrandi og nauðsynlegum námsbókum og námsgögnum. Með því átti að sjá til þess að félagslegur jöfnuður myndi ríkja á grundvelli námsins. Seinna sameinuðust Ríkisútgáfa námsbóka og Fræðslumyndasafn ríkisins í Námsgagnastofnun. Drög að námskrá voru gefin út árið 1948 og íslenskt skólakerfi skilgreint þar. Heildstæð námskrá leit þó ekki dagsins ljós fyrr en árið 1960 en í henni voru tilgreind námsefni hvers árgangs, markmið og athugasemdir varðandi áhöld, hjálpargögn og kennslu. Fyrst um sinn og fram á 20. öld voru sæti á skólabekk menntaskóla takmörkuð og stefnt að því að hafa barnaskólana til þess að undirbúa einstaklinga fyrir atvinnulífið og ekki reiknað með frekara námi að því loknu (Kristín Bjarnadóttir, 2009, bls. 53-55). Nemendur byrjuðu 13 ára að læra eiginlega málfræði samkvæmt *Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri* frá 1960 (Menntamálaráðuneytið, 1960, bls. 9-15).

Líkt og rakið hefur verið hér að ofan þá hefur skólakerfið þróast og breyst. Ef skólastig á Íslandi eru skoðuð má segja að framhaldsskólar séu eldri stofnanir heldur en almenningskólar. Embættismannaskólar voru reknir í Skálholti og á Hólum en menntunin sem þar fór fram var eingöngu fyrir verðandi presta. Þessir tveir skólar voru sameinaðir í Hólavallarskóla í Reykjavík árið 1802. Hólavallarskóli og gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum, stofnaður árið 1880, eru elstu framhaldsskólarnir á Íslandi en Hólavallarskóli var fyrirrennari Menntaskólans í Reykjavík og Möðruvallaskóli var fyrirrennari Menntaskólans á Akureyri (Bernharð Haraldsson og Sverrir Pálsson, 2009; Heimir Pálsson, 1998, bls. 20-30).

Upp úr miðri 20. öld fór menntaskólum að fjölga hratt. Fyrsti fjölbrautaskólinn var stofnaður í Breiðholti árið 1975. Á þeim tíma sem framhaldsskólum fór fjölgandi var lítil samfella í náminu, þ.e. á milli barnaskóla og framhaldsskóla. Menntamálaráðuneytið var falið að og hafði ekki tök á að stýra skóla- og námsþróun. Því var brugðið á það ráð að leyfa skólunum að hafa frumkvæðið þar og voru námskrár skólanna samþykktar jafn óðum og þær voru útgefnar (Bragi Halldórsson, 2009, bls. 11). Árið 1968 var stofnuð Skólarannsóknardeild menntamálaráðuneytisins. Eitt af verkefnum þeirrar deildar var að hrinda af stað breytingum á menntakerfinu. Þær breytingar fólu í sér að skipuleggja skólastarf á Íslandi upp á nýtt, þ.e.a.s. skyldunámið. Allt námsefni barna- og gagnfræðaskóla var skoðað, metið og nýtt námsefni gefið út ef talin var þörf á því. Ein af nýjungum þessara endurbóta var að áhersla var lögð á uppeldishlutverk menntastofnana (Ólafur Páll Jónsson, 2014, bls. 108). Í kjölfar þessara breytinga litu ný grunnskólaöld dagsins ljós árið 1974 og ný aðalnámskrá grunnskóla kom út árið 1976.

Í lögunum sem voru samþykkt á Alþingi árið 1974 var lítið um bein fyrirmæli eða reglur er varða íslenskukennslu. Þar er þó hægt að rýna í löginn og fylla inn í eyðurnar. 2. gr. laganna kveður á um að skólakerfið skuli í samstarfi við heimilin sjá til þess að nemendur verði undirbúnir fyrir líf og starf. Skólakerfið átti að miða að því að nemendur temji sér viðsýni og efla skilning, t.d. á íslensku samfélagi, sögu Íslands og skyldum einstaklingsins gagnvart samfélaginu. Þá skuli skólakerfið sjá til þess að nemendur öðlist tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og þrói með sér hagnýtar aðferðir til að læra og þroskast (lög um grunnskóla nr. 63/1974; Menntamálaráðuneytið, 1976a). Það þarf ekki að vera að þeir sem rituðu þessi lög hafi haft íslenskukennslu í huga. Samkvæmt Guðmundi B. Kristmundssyni (1998, bls. 122) er þó augljóst að til að uppfylla þetta ákvæði þurfi nemendur að geta aflað sér þekkingar, beitt

henni og komið henni áfram og þar telur Guðmundur að tungumálið hljóti að vera í aðalhlutverki þó það sé ekki tilgreint sérstaklega. Grunnskólalögin frá 1974 tilgreindu að Menntamálaráðuneytið ætti að gera aðalnámskrá fyrir grunnskólana í landinu. Þar ætti að vera ákvæði um þjálfun í íslensku, bæði í ræðu og riti samkvæmt 42. grein laganna. Einnig átti að vera fræðsla um íslenskar bókmenntir í grunnskólum samkvæmt lagaákvæðinu. Þarna er lögð áhersla á málnotkun en minna um aðra þætti íslenskukennslu (Guðmundur B. Kristmundsson, 1998, bls 122; Lög um grunnskóla nr. 63/1974).

Námsefni í takt við nýjar stefnur og breytingar á skólakerfinu kom síðan út skömmu síðar. Fyrirnefnd aðalnámskrá grunnskólanna kom út í tíu heftum árið 1976 og var þetta í fyrsta skipti þar sem komu fram markmið náms grunnskólabarna. Eitt af heftunum fjallaði um íslenskukennslu og hét *Móðurmál* (Menntamálaráðuneytið, 1976b). Í námskránni var einnig tilgreint hvernig ætti að raða í bekk, hvaða áherslur ættu að ríkja í kennslu og mat lagt á skólastarf. Kennaranámi var einnig breytt og það sett á háskólastig (Gyða Jóhannsdóttir, 2006, bls. 12-13; Menntamálaráðuneytið, 1976a).

Ný lög um grunnskóla tóku síðan gildi árið 1995. Heilt yfir virðist afstaða til íslenskukennslu lítið hafa breyst á milli laganna frá 1974 og 1995 (lög um grunnskóla nr. 66/1995). Aftur þarf að lesa í lögin og tengja íslenskukennslu við þá þætti sem hún getur átt við hverju sinni. 29. grein laganna segir að leggja skuli áherslu á íslensku í öllum námsgreinum. Þar er komið ákvæði sem ætti að stuðla að máluppeldi sem hefur það markmið að efla málvitund og málþroska nemenda. Þangað til nemendur hefja skólagöngu er það hlutverk í höndum forráðamanna en þegar skólaganga hefst hjá krökkum er þetta orðið sameiginlegt hlutverk heimila og grunnskólanna. Þetta ákvæði má túlka sem svo að allir kennarar séu íslenskukennarar. Áður nefndur Guðmundur B. Kristmundsson telur þetta varasamt að því leyti að lítil áhersla gæti orðið á

Íslensku sem sjálfstæðri námsgrein ef álitnið er að nemendur séu að læra hana til hliðar við aðrar greinar (Guðmundur B. Kristmundsson, 1998, bls. 123). Í 30. grein umræddra laga (lög um grunnskóla 66/1995) eru tilgreindar níu námsgreinar sem á að finna í aðalnámskrá. Íslenska er nefnd fyrst á þeim lista. Námið í því fagi á að vera heildstætt samkvæmt greininni.

Árið 2015 voru gerðar stórar breytingar á framhaldsskólakerfinu hérlendis. Áður hafði verið miðað við fjögurra ára nám til stúdentsprófs en þá var því breytt í þrjú ár. Undanfari þessarar breytingar var að árið 2014 gaf Mennta- og menningarmálaráðuneytið út *Hvítbók um umbætur*. Þar komu fram hugmyndir og markmið stjórnvalda um að fleiri nemendur myndu útskrifast á réttum tíma úr framhaldsskólum landsins. Þar kom einnig fram að möguleikinn á að stytta nám úr fjórum árum í þrjú væri til staðar. Þar var bent á tvo framhaldsskóla sem höfðu þegar boðið upp á þriggja ára stúdentsnám. Þeir skólar höfðu þá lengt skólaárið, breytt námsmáti og námsbrautum að einhverju leyti og hagrætt skólahaldi þannig að skólaárið myndi nýtast betur. Árangur þessara skóla þótti vera vísbending um að það væri mögulegt að endurskoða námstíma með það að leiðarljósi að bæta námsframvindu nemenda í framhaldsskólum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 32-33). Það var síðan vorið 2018 að tveir árgangar útskrifuðust eftir breytingarnar. Það voru síðasti árgangurinn sem stundaði fjögurra ára nám og fyrsti árgangurinn sem stundaði þriggja ára nám. Verzlunarskóli Íslands lét gera úttekt á áhrifum styttingarinnar á skólastarfið. Þar var talið að það hafði legið ljóst fyrir að hluta námsefnis þyrfti að skera niður. Þó voru atriði sem mætti kalla lykilatriði í að stytta námið og að styttingin hafi hreinlega verið möguleg. Eitt þeirra atriða var frekara símat kennara og minna vægi lokaprófa. Annað lykilatriði var að ýmsir grunnáfangar í framhaldsskóla höfðu verið færðir niður í grunnskóla (Verzlunarskóli Íslands, 2018, bls. 3)

Hér að ofan hefur verið farið yfir skólastarf með áherslu á sögu íslensku og upphaf íslenskunáms héraendis auk þess sem stuttlega var fjallað um breytingar á framhaldsskólakerfinu sem áttu sér stað 2015 en slíkar breytingar gætu haft áhrif á nemendur og viðhorf þeirra og þarf því að huga að þeim þegar verið er að skoða viðhorf nemenda til náms síns. Í næsta kafla verður fjallað frekar um íslenskukennslu og farið nánar yfir áherslur íslenskukennslu í aðalnámskrá.



## 3 Íslenskukennsla í skólum

Málfræði og bókmenntir hafa löngum verið fyrirferðamestu þættirnir í íslenskukennslu, þó fleiri þættir hafa komið við sögu, svo sem ritun og tjáning. Ástæðan fyrir því að nemendur læra málfræði er að mikilvægt er fyrir einstaklinga að skilja mikilvægi tungumálsins sem best. Þar leikur málfræðikunnátta stórt hlutverk. Í málfræði læra nemendur að tjá sig um tungumálið og hugtök sem því viðkemur. (Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson og Sigurður Konráðsson, 2018, bls. 80). Þáttur bókmennta er líka mikill í íslenskukennslu og ríkir héraendis sterk bókmenntahefð. Miðaldatextar eru lesnir í grunn- og framhaldsskólum en textarnir eru lítið aðlagðir nemendum en ef það er gert þá er það aðallega í letri og stafsetningu (Kristján Jóhann Jónsson o.fl., 2018, bls. 9). Hér að neðan verður nánar fjallað um hvernig íslenskukennslu hefur verið háttað í gegnum tíðina og hvernig staðan er núna.

### 3.1 Aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla í gegnum tíðina

Framhaldsskólar fengu ekki formlega námskrá til að starfa eftir fyrir en árið 1986. Í þeirri námskrá voru ekki lagðar nýjar línur fyrir starf í framhaldsskólum heldur starfinu sem var í námskrám á þeim tímavarki gert skil. Námskráin sem var gefin út 1986 var endurútgefin árin 1987 og 1990 (Atli Harðarson, 2010, bls. 2). Þessi námskrá var að hluta til byggð á samantekt sem kennarar við sex framhaldsskóla á landinu höfðu gefið út. Ritið heitir *Námsvísir við fjölbrautaskóla* og var gefið út árið 1980. Þetta rit var ætlað til þess að koma í

veg fyrir of mikla miðstýringu með því að ætlast til að kennarar myndu semja skólanámskrár og axla faglega ábyrgð á sínum störfum (Námsvísir fjölbrautaskóla, 1980). Menntamálaráðuneytið gaf út nýja áætlun í menntamálum árið 1991. Sú áætlun snerist um stefnu á öllum skólastigum. Þar mátti sjá áherslu á dreifingu valds innan skólakerfisins og hver ábyrgð hvers skóla fyrir sig ætti að vera (Atli Harðarson, 2010, bls. 2; Menntamálaráðuneytið, 1991).

Árið 1995 voru sett ný grunnskólalög og við það var aðalnámskrá endurmetin. Nákvæmari aðalnámskrá en áður hafði sést var gefin út árið 1999 fyrir grunn- og framhaldsskóla og kom hún út í mörgum heftum. Hverju skólastigi var tileinkað almennt hefti og svo hverri námsgrein sínu hefti. Þessi námskrá jók til muna miðstýringu í skólakerfinu, þá aðallega á framhaldsskólastigi (Menntamálaráðuneytið, 1999a; Menntamálaráðuneytið, 1999b). Áður en sú námskrá kom út kom fram í *Skýrslu menntamálaráðherra til Alþingis* (1997) að huga ætti að íslenskukennslu í öllum námsgreinum í grunnskóla. Í aðalnámskránni árið 1999 kom fram stefna stjórnvalda um heildstæða kennslu í íslensku og áherslu á innbyrðis tengsl milli allra námsþátta (Menntamálaráðuneytið, 1999b). Baldur Ragnarsson hafði velt upp álíka hugmyndum tveimur áratugum áður en hann lagði áherslu á að málkennsla yrði að vera heildstæð enda taldi hann hættu á að hver þáttur slitni frá heildarveruleika kennslunnar ef henni yrði skipt upp í afmarkaða þætti. Baldur tekur fram að slík hagræðing sé í lagi ef heildarsýnin glatast ekki við hana (Baldur Ragnarsson, 1977, bls. 30). Hagræðing af slíku tagi kom fram í námskránni 1999 en þar er íslenskunámið sundurliðað í sex námsþætti. Þeir eru hlustun og áhorf, ritun, málfræði, bókmenntir, talað mál og lestur. Þessir þættir eiga síðan að fléttast saman í eina heild (Menningarmálaráðuneytið, 1999a, bls. 8).

Í skýrslu sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 1997 og bar nafnið *Markmið móðurmálskennslu í grunnskólum og framhaldsskólum* komu fram þrennskonar markmið. Þau voru þekkingarmarkmið, færnimarkmið og viðhorfsmarkmið. Þau voru bæði í námskrám grunn- og framhaldsskóla. Aðaláherslan var á heildstæða íslenskukennslu, að allir þættir kennslunnar ættu að tengjast saman og styðja hvern annan. Algeng hugtök sem voru notuð í umræðunni um markmiðin voru heildstæð kennsla, gleði, ánægja, námsrök, menntunar- og menningarrök og nytsemdarrök (Menntamálaráðuneytið, 1997).

Áður en aðalnámskrá var endurskoðuð og gefin út árið 1999 hafði Menntamálaráðuneytið gefið út dreifibréf sem fór inn á hvert heimili. Það bar nafnið *Enn betri skóli – þeirra réttur okkar skylda*. Í því var að finna yfirlit um þá stefnu sem menntamálaráðuneytið boðaði. Þar var talað um samstarf skóla og heimila og mikilvægi þess sambands. Hvað íslenskukennslu varðar þá var lagt til að móðurmálskennslu ætti að vera háttáð á viðeigandi hátt eftir skólastigum og viðfangsefni barna hverju sinni. Áherslur í kennslunni áttu að nýtast í lestri, ritun, daglegu máli og bókmenntaumfjöllun (Menntamálaráðuneytið, 1998, bls. 4-6).

Íslensku sem námsgrein hefur verið skipt í mismunandi þætti í öllum aðalnámskrám. Þættirnir hafa verið mismargir. Málfræði og bókmenntir eru þeir þættir sem alltaf hafa fengið mikið vægi. Aðrir þættir hafa verið framsögn, lestur, áhorf, hlustun, leikræn tjáning, málvísi, ritleikni, ritun, skrift, stafsetning, stílagærð, tal, talað mál, talæfingar og tjáning. Þessir þættir hafa verið aðskildir og má sjá það að þeir hafa fengið eigin tíma á stundatöflum nemenda fram eftir 20. öldinni (Ingvar Sigurgeirsson, 1993, bls. 15-16). Það hefur tíðkast að hafa samspil þeirra á milli og benda á mikilvægi þess (Guðmundur Finnbogason, 1994). Í seinni tíð má sjá dæmi þess að þættirnir falli saman og

áhersla komin á heildstæða móðurmálskennslu en það má sjá í aðalnámskránum frá árunum 1989 og 1999 eins og áður hefur verið nefnt. Þá bættist einnig við áhersla á upplýsingatækni sem öðlaðist hlutverk í allri kennslu (Menntamálaráðuneytið, 1989; Menntamálaráðuneytið, 1999b).

Árið 2006 var hafist handa við að leggja endurmat á fyrri aðalnámskrár. Þar sem ekki var um neinar allsherjar breytingar að ræða var ekki gefið út efni um breytingarnar líkt og áður (Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 4). Aðalnámskrá grunnskólanna var gefin út á stafrænu formi árið 2007 (Menntamálaráðuneytið, 2007). Fyrst og fremst var námskráin endurskoðuð og ekki neinar grundvallarbreytingar í henni. Kristín Jónsdóttir (2009, bls. 14-16) tók saman helstu atriðin sem voru ný í nýrri aðalnámskrá og hverjar voru helstu áherslur í henni. Áhersla var enn á þau þrjú markmið sem voru í fyrri námskrá; færnimarkmið, þekkingarmarkmið og viðhorfsmarkmið. Fyrri námskrá var talin óþarflega umfangsmikil en umfangið var minnkað í þeirri nýju að því leyti að ekki var lengur áhersla á þrepamarkmiðin. Kristín tók einnig fram að í nýju námskránni var að finna meiri áherslu á samfellu í skólastarfi, þ.e. á milli skólastiga. Hvað íslenskukennslu varðar var ekki gert ráð fyrir setningafræði í móðurmálskennslu en meiri áhersla lögð á ritun og lestur.

Íslensku var gerð sérstök skil í aðalnámskrá framhaldsskólanna sem kom út árið 1999. Þar var sérstaklega kveðið á um menningarmótunarhlutverk námsgreinarinnar íslensku. Þar var tilgreint að mikilvægt væri fyrir framhaldsskólanemendur að öðlast skilning á menningarlegu, félagslegu og sögulegu gildi móðurmálsins og bókmennta. Þá þurfi framhaldsskólanemar að skilja eðli tungumálsins, lögmál þess og læra um notkun fjölmiðla á móðurmálinu. Einnig var tilgreint að mikilvægt sé að framhaldsskólanemar öðlist færni á öllum sviðum málnotkunar, munn- og skriflega, kunni að tjá

skoðanir sínar, hugmyndir, tilfinningar og gætu treyst sinni eigin málnotkun (Menntamálaráðuneytið, 1999a, bls. 9-10).

## 3.2 Markmið aðalnámskrár framhaldsskóla

Samkvæmt aðalnámskrá eru grunnþættir menntunar sex og unnið er eftir þeim í skólasterfi á Íslandi. Grunnþættir menntunar eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir sex grunnþættir eiga að endurspeglast í skólahaldi og vera sýnilegir í skólasterfinu. Framhaldsskólar eru skyldugir til að gera grein fyrir þessum grunnþáttum í skólanámskrá og meta sýnileika þeirra og innleiðingu í innra mati skóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 23). Aðalnámskrá er ætlað margþætt hlutverk. Fyrst ber að nefna það sem áður var rætt, að birta menntastefnu stjórnvalda. Þar er átt við framboð á námi og kröfur sem eru gerðar er varða nám og kennslu. Aðalnámskrá á að tryggja nemendum á hverju skólastigi réttar aðstæður til náms með gildandi lög og menntastefnu til hliðsjónar. Aðalnámskrá er einnig hugsuð sem verkfæri til að tryggja samræmi í skólasterfi við framkvæmd menntastefnu. Án aðalnámskrár gæti mennta- og menningarmálaráðuneytið tæplega gegnt hlutverki sínu sem helsti stjórnandi og eftirlitsaðili skólasterfs á Íslandi. Einnig má ekki gleyma að aðalnámskrá nýtist þeim sem sjá um menntun kennara og annars starfsfólk skóla, stunda rannsóknir á menntasviði og sjá um úttektir á skólasterfi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 7).

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskólanna eiga nemendur að loknu framhaldsskólanámi að hafa öðlast ákveðna þekkingu, leikni og hæfni. Námsbrautum er skipt í fjögur hæfnisþrep og þrepin skilgreina þær kröfur sem eru gerðar til nemenda við lok náms. Kröfurnar eru mismunandi eftir hæfnisþrepum. Í lýsingum á hæfnisþrepunum er annars vegar að finna áhersluatriði á grunnþáttum og lykilhæfni í námi og hins vegar frekari

sérhæfingu í námsgreinum. Við skilgreiningu á hæfnisþrepunum eru nemendur hafðir í huga óháð framkvæmdaraðilum og skólastigi. Þrepunum er ætlað að gefa vísbendingar um viðfangsefni og kröfur. Þannig eru þau leiðbeinandi fyrir námsbrautarlýsingar og áfangalýsingar. Hæfnisþrepin eru þá einnig hugsuð sem upplýsingar fyrir hagsmunaaðila, ekki eingöngu nemendur heldur einnig atvinnulífið og næsta skólastig (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 41-42).

Fjögur þrep eru á framhaldsskólastigi. Fyrsta stigið er á milli grunn- og framhaldsskóla. Það stig inniheldur almenna menntun. Nemandi sem klárar hæfnisþrep 1 hefur öðlast lykilhæfni til að sýna með hegðun virðingu fyrir öðrum, gildum þeirra og mannréttindum. Þrep 1 felur einnig í sér undirbúning undir atvinnulífið þar sem ekki er krafist neinnar sérhæfingar. Til viðbótar við þrep 1 hefur hæfnisþrep 2 þau markmið að loknu námi að nemendur hafi öðlast stutta sérhæfingu sem felur í sér faglegan undirbúning fyrir aukið nám eða störf sem fara fram á aukið sjálfstæði og ábyrgð. Við námslok á hæfnisþrepi 3 eru gerðar kröfur um þekkingu, leikni og hæfni tengda fagmennsku og sérhæfingu. Þar er einnig miðað að sérhæfðum undirbúningi undir háskólanám, lögvarin störf, listnám og sérhæft starfsnám. Þá á nemandi einnig að geta sýnt fram á sjálfstæð vinnubrögð, borið ábyrgð á skipulagi og úrlausn verkefna við námslok á þriðja þrepi. Fjórða hæfnisþrepið inniheldur nám sem er annað hvort á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Einkenni námsloka á fjórða þrepi er sérhæfing og/eða útvíkkun sérhæfingar í sambandi við leiðsögn, nýsköpun, þróun eða stjórnun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 41-42).

Lykilhæfni er hugtakið sem er notað yfir það sem á að tengja saman markmið og grunnþætti. Lykilhæfni er notuð þegar nám er skipulagt og til viðmiðunar þegar nemendur fá umsagnir að námi loknu. Lykilhæfni og

grunnþáttum er ætlað að tvinnast saman og verða stoð alls starfs í framhaldsskólum. Námsáfangar eiga að snúast um að koma til móts við kröfur um lykilhæfni og grunnþætti. Þegar skólar sækja um staðfestingu námsbrautarlýsinga eiga þeir að skýra hvernig og hvar grunnþáttum og lykilhæfni er sinnt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 23). Lykilhæfni sem aðalnámskrá kveður á um er skipt í níu svið og tekur hún bæði til almennrar hæfni og sértækrar. Þessi níu svið eru heilbrigði, lýðræði og mannréttindi, læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum, læsi, tjáning og samskipti á íslensku, læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar, menntun til sjálfbærni, skapandi hugsun og hagnýting þekkingar, jafnrétti og námshæfni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 23). Læsi, tjáning og samskipti á íslensku felur í sér að nemandinn skuli hafa hæfni til að skilja og skynja umhverfið sitt og hugsi um samfélagið á gagnrýnan hátt. Lestur og skrifleg tjáning eru helsta forsenda þess að nemandinn taki þátt í lýðræðislegu samfélagi á Íslandi. Þetta svið lykilhæfni felur í sér að nemandi geti tjáð hugsanir, tilfinningar og skoðanir í ræðu og riti, búi yfir fjölbreyttum orðaforða, tekið þátt í samræðum, búi yfir hæfni til að beita fjölbreyttu máli, geti flutt mál sitt skýrt, geti lesið flókna texta sér til gagns og geti útskýrt og rökstutt mál sitt bæði munnlega og skriflega (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 26).

### 3.3 Íslenska í framhaldsskólum

Íslenska er ein af kjarnagreinum framhaldsskóla ásamt stærðfræði og ensku. Allir nemendur sem fara í gegnum framhaldsskóla skulu að lágmarki standast kröfur hæfnipreps 1 í kjarnagreinum, óháð því hvaða námsbraut nemandinn velur. Þá geta verið frekari kröfur á ákveðnum námsbrautum í kjarnagreinum en lýst er í hæfniprepi 1. Íslenska er sú kjarnagrein í framhaldsskólum sem fær mest vægi samkvæmt aðalnámskrá. Í íslensku er gerð krafa um fleiri einingar á

hærra hæfniþrepi en í hinum kjarnagreinunum. Til þess að ljúka stúdentsprófi þarf nemandi að klára að lágmarki 20 framhaldsskólaeiningar í íslensku og þar af þurfa tíu einingar að vera á þriðja hæfniþrepi. Það þarf ekki að ljúka einingum á þriðja hæfniþrepi í ensku og stærðfræði til að ljúka stúdentsprófi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 53). Þannig er lögð meiri áhersla á íslensku en aðrar greinar en þess skal geta að það er lög bundið hlutverk framhaldsskóla að efla færni nemenda í íslensku máli (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008). Einingakerfi framhaldsskóla miðast við framhaldsskólaeiningar/feiningar og er miðað við vinnuframlag nemenda þar sem hver eining jafngildir u.þ.b. þriggja daga vinnu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls .7)

Í lögum og aðalnámskrá er talað um hið víðtæka hlutverk sem íslenskunni er ætlað en það stangast síðan á við hvernig nám er sett upp í aðalnámskránni frá árinu 1999, en þar var mest áhersla lögð á bókmenntafræði. Á meðal námsþátta innan íslenskukennslu fékk bókmenntafræði mest vægi. Af sex kjarnaáföngum í íslensku voru bókmenntir nefndar í fjórum þeirra. Aðeins einn áfangi hafði málfræði í nafninu en það var ÍSL 202 Bókmenntir og málfræði. ÍSL 212 fjallaði um mál og menningarsögu. ÍSL 303 og 403 snerust um bókmenntir og tungumál ákveðins tímabils. Áfangar sem fjölluðu um aðra þætti líkt og félagsleg málvísindi, tjáningu og samskipti voru skilgreindir sem valáfangar (Menntamálaráðuneytið, 1999a, bls. 16). Í núgildandi aðalnámskrá er búið að breyta þessu en þar eru ekki tilgreindir áfangar. Þar virðist vera jafnvægi innan allra hæfniþrepanna hvað varðar bókmenntir og málfræði (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 90-92).

Mennta- og menningarmálaráðuneytið lét gera úttekt á íslenskukennslu í framhaldsskólum árið 2011. Úttektin leiddi í ljós að námsþáttunum hlustun og áhorfi og talað mál og framsögn væri ekki sinnt nógu vel. Hlustun og áhorfi var



ekki sinnt skipulega þó oft væri nemendum gefið tækifæri á umræðum í tímum en nemendur hlutu ekki þjálfun í framsögn og tali. Úttektin benti á að málfræðikennsla var aðallega byggð upp með hugatakakennslu og skilgreiningum án frekari tenginga við aðra námsþætti (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2011. bls. 25). Niðurstöður úttektarinnar hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu eru áhugaverðar í ljósi rannsóknar Hönnu Óladóttur og Margrétar Guðmundsdóttur (2012, bls. 33-34). Þær benda á að mikilvægt sé að nemendur geri sér grein fyrir því að þeir kunni hljóð málsins þó þeir skilji ekki hugtakið sérhljóð. Sama má þá segja um föll, tíðir og setningar. Þessi fyrirbæri finnast öll í máli ungmenna þó þau kunni ekki formleg heiti þeirra þegar þau hefja málfræðináms. Því er góð leið að láta nemendur tengja hugtökin við eigin málnotkun.

Ken Robinson bendir á að uppbygging námsgreina miðar oft að því að gera nemendur sérfræðinga á hverju sviði. Ástæða þess er sú að háskólasamfélagið er fyrirmyndin innan menntakerfisins sem undirbýr nemendur fyrir akademískt umhverfi háskóla. Það telur Robinson ekki vænlegt fyrir samfélagið, þ.e. að gera alla nemendur að fræðimönnum. Því er það miður að gera fræðigreinum hærra undir höfði heldur en verklegum greinum. Kennsla í íslensku, og öðrum greinum ef því er að skipta, ætti samkvæmt Robinson ekki að hafa það að markmiði að gera nemendur að sérfræðingum í þeim greinum sem búa að baki íslensku heldur kynna þeim hvern námsþátt í samhengi við hvern annan. Með því móti öðlast nemendur heildarsýn á námið og menningarmótun á sér að einhverju leyti stað (Robinson, 2006).

### 3.4 Rannsóknir á íslenskukennslu

Íslenskukennsla hefur verið rannsökuð í skólum og þá aðallega grunnskólum. Stuttlega var minnst á tvær rannsóknir í innganginum en í þessum kafla verða

þær og aðrar rannsóknir skoðaðar nánar og greint frá niðurstöðum þeirra, sérstaklega með tilliti til þeirra viðhorfa til íslenskunáms og -kennslu sem þar koma fram.

Hanna Óladóttir (2017) kannaði markmið og áhrif málfræðikennslu á unglingastigi í grunnskóla. Hún beindi sjónum að grunninum í málfræðikennslu í grunnskólum og á hverju hann byggir til að kanna hvað eigi að kenna og hvers vegna í málfræðikennslu í grunnskólum. Hún skoðaði innihald aðalnámskrár, samræmd próf og námsefni í rannsókninni. Samhliða því eru hugmyndir íslenskukennarar á unglingastigi um tungumálið skoðaðar og hvernig þeir upplifa eigið hlutverk. Þá skoðar hún þær hugmyndir kennara í ljósi viðhorfa nemenda til móðurmálsins. Þar kom fram að nemendur telja að þeir hafi lært fallbeygingu í skóla og eru ekki meðvitaðir um þátt máltökunnar á eigin móðurmálshæfni. Í samtölum við nemendur tala þeir um rétt og rangt mál. Þeir tengja tungumálakennsluna við kennslustofuna og eru síður meðvitaðir um þróun málvitundar þeirra í daglegum samskiptum. Hanna færir rök fyrir því í rannsókn sinni og umfjöllun að það væri þörf á breytingum á kennslu í málfræði í grunnskólum. Niðurstöðurnar í rannsókninni bentu til þess að það þyrfti að leggja meiri áherslu á þá málfélagslegu krafta sem finna má í málsamfélaginu og kenningar um máltökuna. Hún bendir á að nemendur eru ómeðvitað vel að sér í málfræði þó forskriftarmálfræðin eigi til að vefjast fyrir þeim. Niðurstöðurnar notaði Hanna til að svara því hvort ætti að endurskoða markmið málfræðikennslu og hvernig sé best að nálgast þá málfræði sem kennd er í grunnskólum (Hanna Óladóttir, 2017, bls. V, 316 og 319-320).

Þóra Sigurðardóttir (2016) rannsakaði viðhorf kennara til málfræðikennslu. Markmið verkefnisins var að skoða stöðu og þróun málfræðikennslu í grunnskólum og athuga viðhorf fjórtán kennara á grunnskólastigi, bæði íslenskukennara og faggreinakennara. Niðurstöður þóru

voru í stuttu máli þær að kennurum þykir málfræðikennsla mikilvægur hluti námsins og kenna hana ýmist sérstaklega eða tvinna henni saman við aðra kennslu. Ástæða þess að kennurum þykir hún mikilvæg er að hún eflir málvitund og skilning nemenda í íslensku og erlendum tungumálum og hljóti þá líka að auka orðaforða samfélags- og raungreina á unglingsstigi (Þóra Sigurðardóttir, 2016, bls. 60).

Helga Ólöf Pétursdóttir (2014) rannsakaði viðhorf kennara og nemenda í tveimur elstu bekkjum grunnskóla til kennsluaðferða og námsefnis í málfræðikennslu. Helga taldi að kennarar væru efins varðandi breytingar á námsefni og kennsluháttum og að nemendum þætti námsefnið og kennslan leiðinleg. Niðurstöður sýndu fram á að nemendur áttu erfitt með að sjá tilgang með kennslunni, fáum þótti námsefnið áhugavert og óöryggis gætti meðal nemenda varðandi eigin færni. Nemendur mynduðu sér ekki skoðun á kennsluefninu og komu heldur ekki með tillögur að úrbótum. Kennararnir töldu sig ekki hafa tíma til að prófa tímafrekar og óhefðbundnar kennsluaðferðir (Helga Ólöf Pétursdóttir, 2014, bls. iii).

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2010) skoðaði viðhorf leikskólakennara til móðurmálskennslu sem þeir fengu í námi sínu. Helstu niðurstöður þeirrar rannsóknar voru að leikskólakennarar vildu auka íslenskukennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, að leikskólakennarar séu málfyrirmyndir og eigi að standa sig í því hlutverki og of margir leikskólakennarar eru of illa að sér í íslensku (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2010, bls. 6).

Lilja Guðný Jóhannesdóttir (2010) rannsakaði í ritgerð sinni vægi íslenskukennslu í grunnskóla og í kennaranámi og líka viðhorf íslenskukennara til menntunar sinnar, færni, stöðu tungunnar og málræktar. Þá bar hún einnig saman vægi móðurmálskennslu á Íslandi og í Noregi, bæði í grunnskólum og í kennaranámi. Niðurstöðurnar bentu til þess að dregið hafi úr vægi

móðurmálskennslu á báðum stigum héraendis miðað við í Noregi. Viðhorf kennara til málræktunar var jákvætt og fór þar mest fyrir þremur ástæðum. Það var nefnt að málrækt væri mikilvæg til að þróa og vernda tungumálið, aðrir töldu að menningararfur þjóðarinnar væri byggður á málrækt og aðrir bentu á mikilvægi málræktunar vegna þess að málið er samskiptatæki okkar allra. Í ritgerðinni var einnig rannsakað meðal íslenskukennara hvort bakgrunnur þeirra hefði áhrif á getu þeirra til að kenna íslensku. Stór meirihluti svarenda töldu menntun sína næga til að sinna íslenskukennslu og ekki voru merkjanleg tengsl á milli menntunar svarenda og viðhorfs þeirra til eigin færni. Allir töldu sig hafa góð tækni á kennslunni óháð bakgrunni (Lilja Guðný Jóhannesdóttir, 2010, bls. 3).

Stefán Smári Jónsson (2015) skoðaði viðhorf nemenda á elsta stigi grunnskóla og kennara gagnvart málfraeði, þ.e.a.s. hvaða gildi og merkingu málfraeðin hefur í kennslustofunni og líka utan hennar. Einnig var skoðað hvernig nemendur telja sig nýta málfraeði. Rannsókn Stefáns var hluti af stærri rannsókn sem áður hefur verið nefnd hérna og kallast *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga*. Niðurstöður Stefáns voru að kennarar samflétta málfraeðikennslu við annað kennsluefni og gera sitt eigið kennsluefni í stað þess að treysta eingöngu á kennslubækur. Nemendur virðast eiga erfitt með að nota málfraeðihugtök og að tengja þau við sína þekkingu og sýna fram á hana í verkefnum. Nemendur voru ýmist jákvæðir eða neikvæðir í garð málfraeðinnar. Nemendur í hópnum töldu mikilvægt að læra málfraeði til að geta talað rétt en svo voru aðrir sem sögðu fólk skilja talað mál þrátt fyrir að talað væri vitlaust og við það bættu viðkomandi nemendur að þeir upplifi ekki tilgang með reglum sem þeir skilja ekki. Heilt yfir fannst nemendum þeir ekki geta nýtt málfraeðiþekkingu sína (Stefán Smári Jónsson, 2015, bls. 40-42).

Bókin *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* var gefin út árið 2018. Bókin er afrakstur fyrrnefnds rannsóknarverkefnis, *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga*, en það verkefni má rekja aftur til ársins 2012. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á stöðu íslensku í skólum sem kennslugreinar og kennslutungu. Það var gert með að skoða námsefni, stefnumörkun, viðhorf og starfshætti kennara, nemenda og stjórnenda. Einnig var markmið rannsóknarinnar að nýta niðurstöðurnar sem grunn að þróunarstarfi innan menntakerfisins (Kristján Jóhann Jónsson o.fl., 2018, bls. 8).

Margvíslegar niðurstöður fengust úr rannsókninni. Í ljós kom t.d. að hvorki stjórnendur, kennarar né nemendur í grunn- og framhaldsskólum fundu fyrir áherslum varðandi talað mál, hlustun og áhorf en sá þáttur er tilgreindur í aðalnámskrá. Þess skal þó geta að mannleg samskipti fara varla fram án þessara þátta og þó nemendur og kennarar finni ekki fyrir áherslum í þessu eru þetta þættir sem eru gegnum gangandi í námi þó lítið af sérstakri kennslu í því fari fram. Þá kom einnig í ljós að ritunarkennsla í framhaldsskólum virðist ekki fara dýpra en sú sem fór fram í grunnskólum. Grunnþekkingu er komið í ásættanlegt ástand og ritreglur virðast ekki vera í hugum unglunga. Þá kom fram að íslenskukennarar í 9. bekk sögðu að þeir leggi áherslu á að nemendur sínir skrifi og sú vinna miðar að því að æfa stafsetningu, uppsetningu, orðaforða og málfar. Þegar framhaldsskólanemar voru spurðir út í ritun var fyrirferðarmikið svar að þeim þætti ritmálið sem var kennt mikilvægt en leiðinlegt og þeir sáu takmarkanir á gildi þess á öðrum sviðum lífsins. Þeir tilgreindu þó að það gæti mögulega öðlast gildi síðar (Kristján Jóhann Jónsson o.fl., 2018, bls. 152).

Niðurstöður rannsóknarinnar *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga* sýndu að slök staða nemenda í lestri hefur áhrif á starf í grunn- og

framhaldsskólum. Kennarar í framhaldsskólum nefna sömu vandamál og grunnskólakennarar. Stærsta áskorunin virðist vera að auka áhuga nemenda á bóklestri. Kennarar reyna allar kúnstir til að koma til móts við nemendur og finnst sumum kennurum of langt gengið í þeim efnum. Þeir prófa t.d. að stytta lesefnið, glósa fyrir nemendur, lesa fyrir þá og leggja af valdar bækur. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að margir stjórnendur innan skólakerfisins og kennarar vilja efla íslenskar bókmenntir og sinna þeirri kennslu af ástríðu. Staðan í bókmenntakennslu er samt ekki nógu góð í grunn- og framhaldsskólum. Fram eftir síðustu öld bar bókmenntakennsla einkenni hefðarvalds. Enn í dag eru Íslendingasögurnar kenndar í grunn- og framhaldsskólum og þær skoðaðar sem hluti af menningararfi þjóðarinnar. Nútímabókmenntir eru áberandi í kennslu í dag enda eru þær heppilegar til að auka orðaforða og málhæfni. (Kristján Jóhann Jónsson o.fl., 2018, bls. 153-154). Rannsóknin leiddi í ljós að nemendur tengja bókmenntafræði í grunnskólum við verkefni, lærdóm og próf frekar en skemmtun (Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018, bls. 57-58). Sú umræða sem kom upp hjá nemendum í rannsókninni varðandi málfræði tengist skýrt hugmyndum um „rétt mál og rangt mál“ (Kristján Jóhann Jónsson o.fl., 2018, bls. 154).

Þess skal getið að aðeins hluti af niðurstöðum rannsóknarinnar *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga* voru dregnar fram hér í þessu verkefni en heildarniðurstöðurnar snertu á á töluvert fleiri þáttum íslenskukennslu í skólum.

### 3.5 Samantekt

Í þessum kafla hefur verið fjallað um íslenskukennslu í skólum, hvað eigi að kenna og af hverju. Þar næst var fjallað um aðalnámskrá og markmið hennar sem er gott að hafa í huga þegar á að fara skoða viðhorf nemenda til þeirrar kennslu sem þeir fengu í íslensku á sínum framhaldsskólaárum. Auk þess hefur verið fjallað um íslensku í framhaldsskólum, farið yfir hæfniprepin og hvaða hlutverki þau gegna. Síðasti undirkafli fjallaði síðan um rannsóknir á íslenskukennslu. Þar var fjallað um sjö rannsóknir sem gerðar hafa verið á mismunandi skólastigum og var skoðað viðhorf kennara og nemenda og valdir þættir íslenskukennslu. Hanna Óladóttir (2017, bls. 319-320) rannsakaði markmið og áhrif málfræðikennslu á unglingastigi í grunnskóla. Niðurstöður hennar gefa til kynna að það þurfi að gera breytingar á málfræðikennslu. Þóra Sigurðardóttir (2016, bls. 60) gerði rannsókn á viðhorfi kennara til málfræðikennslu og þar sýndu niðurstöður að kennurum finnst málfræðikennsla mikilvæg þar sem hún eflir málvitund, skilning og orðaforða nemenda. Helga Ólöf Pétursdóttir (2014, bls. iii) rannsakaði viðhorf kennara og nemenda til kennsluaðferða og námsefnis í málfræðikennslu á unglingastigi grunnskóla. Niðurstöður hennar voru að nemendur sjá ekki tilgang með málfræðikennslu, fáum finnst námsefnið áhugavert og mörgum þykir kennslan leiðinleg. Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2010, bls. 6) skoðaði viðhorf leikskólakennara til móðurmálskennslu í kennaranámi. Niðurstöður bentu til þess að kennarar vildu auka móðurmálskennslu á menntavísindasviði. Lilja Guðný Jóhannesdóttir (2010, bls. 3) rannsakaði vægi íslenskukennslu í grunnskóla og kennaranámi. Hún komst að því að dregið hefur úr móðurmálskennslu á báðum stigum samanborið við Noregi. Stefán Smári Jónsson (2015, bls. 40-42) rannsakaði viðhorf kennara og nemenda gagnvart málfræði. Niðurstöður gáfu til kynna að nemendur virðast eiga erfitt með að

nota málfræðihugtök og tengja þau við sína þekkingu. Rannsóknarverkefnið *Íslenska sem námsgrein og kennslustunga* er viðamikil rannsókn á stöðu íslenskunnar í skólum sem kennslugrein og kennslutungu. Niðurstöður voru m.a. að nemendum finnst ritmálið sem er kennt leiðinlegt og sáu takmarkanir á gildi þess á öðrum sviðum lífsins (Kristján Jóhann Jónsson o.fl., 2018, bls. 152). Í rannsókninni kom einnig í ljós að nemendur tengja bókmenntafræðinámið við verkefni, lærdóm og próf frekar en skemmtun (Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018, bls. 57-58).

Í næsta kafla verður farið yfir framkvæmd rannsóknarinnar þar sem sagt verður frá þátttakendum, farið yfir aðferðir sem er notast við í greiningu gagnanna og siðferðilegar hliðar rannsóknarinnar.



## 4 Aðferðir

Í þessari rannsókn var lögð áhersla á að fá fram viðhorf og væntingar einstaklinga til íslenskunáms og ákveðið var að styðjast við eigindlega rannsóknaraðferð (e. *qualitative research*). Eigindlegar rannsóknaraðferðir fela í sér að reynt er að fá fram upplifun og túlkun viðmælenda. Rannsóknaraðferðin miðar einnig að fá einstaklinga til að tjá sig um reynslu sína af ákveðnu efni (Creswell, 2012, bls. 16-18; Hennink, Hutter og Bailey, 2011, bls. 9-10; Kvale og Brinkmann, 2009, bls. 1-2). Eigindleg rannsóknaraðferð varð fyrir valinu þar sem sú aðferð þótti passa vel við markmið rannsóknarinnar (Creswell, 2012, bls. 16-19). Innan eigindlegra rannsóknaraðferða eru margar aðferðir sem hægt er að styðjast við.

Það sem þótti passa best við þessa rannsókn með tilliti til viðfangsefnis var að styðjast við fyrirbærafræði (e. *phenomenology*). Í slíkri rannsókn er varpað ljósi á og skyggst í upplifun einstaklings á tilteknu fyrirbæri og lagt upp með að finna þemu sem einkenna líf einstaklings út frá þeirra sjónarhorni. Þar sem verið er að fá fram viðhorf nemenda til íslenskukennslu þótti þessi aðferð henta best (Kvale og Brinkmann, 2009, bls. 26-27; Taylor og Bogdan, 1998, bls. 10-11). Til þess að fá upplýsingar frá nemendum var stuðst við opin einstaklingsviðtöl (e. *in-depth interview*) og fór gagnasöfnunin fram víða um land. Með þessari tegund viðtala er rætt sérstakt viðfangsefni og markmið rannsakanda að fá að kynnast því tiltekna viðfangsefni og er rannsakandi með viðtalsramma innan handar. Nemendur eða þátttakendur segja sögu sína og rannsakandi hlustar og fær þannig upplýsingar um reynslu og upplifun nemenda (Hennink, Hutter og Bailey, 2011, bls. 109-110). Í þessari rannsókn

var það þannig að rannsakandi var með viðtalsramma (sjá fylgiskjal 1) þar sem hann spurði einstaklinga sem útskrifast hafa úr framhaldsskóla út í íslenskunám og viðhorf þeirra til námsins.

Við gerð viðtalsrammans var það markmið að hafa flestar spurningar opnar spurningar í þeirri von að fá þátttakendur til að tjá sig sem mest. Viðtalsramminn samanstendur af spurningum sem tengjast markmiði, viðfangsefni og rannsóknarspurningum rannsóknarinnar (Hennink, Hutter og Bailey, 2011, bls. 112-115). Viðtalsrammanum var skipt í tvo flokka. Í fyrri flokknum eru fimm spurningar en þeim síðari eru þær níu. Í fyrri flokknum, sem eru bakgrunnsspurningar, var verið að reyna að kalla fram helstu upplýsingar um einstakling, svo sem aldur, hvenær viðkomandi lauk framhaldsskóla, úr hvaða skóla og hvaða menntun viðkomandi hefur í dag. Þátttakendur fengu tækifæri í lok viðtals til að koma með sínar athugasemdir ef þeir höfðu einhverjar. Í síðari flokknum var spurt út í íslenskunám þeirra í framhaldsskóla. Þar var verið að kalla eftir upplýsingum um fjölda áfanga og eininga sem búið var að ljúka í íslensku á framhaldsskólastigi, væntingar til íslenskunáms áður en námið hófst hjá viðkomanda, almenn upplifun af íslenskukennslu og hvernig viðkomanda gekk að læra íslensku í framhaldsskóla. Auk þess var í þessum flokki reynt að fá upplýsingar um áherslur sem nemendur fundu fyrir í náminu, hvort það væru einhverjar og ef svo var hverjar þær voru.

## 4.1 Þátttakendur rannsóknarinnar

Þátttakendur rannsóknarinnar voru sjö talsins, fjórar konur og þrír karlar. Þátttakendur luku stúdentsprófi á árunum 2012-2020. Auk þess voru allir nema einn í frekara námi eða höfðu lokið slíku. Einn var í iðnnámi, tveir í grunnnámi í háskóla, tveir höfðu lokið diplómanámi í háskóla og einn einstaklingur meistaranámi. Þrátt fyrir fáa þátttakendur þá var hópurnin fjölbreyttur. Reynt var að hafa jafna þátttöku kynja í rannsókninni og voru

viðmælendur úr mismunandi framhaldsskólum, bæði bóknáms- og verknámsskólum. Ekki verður tilgreint úr hvaða framhaldsskóla þátttakendur útskrifuðust en tilgreint er hvort að skólinn sé á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Ákveðið var að reyna að hafa þátttakendur úr sem flestum framhaldsskólum til að reyna fá fram viðhorf frá einstaklingum úr mismunandi skólum. Það var líka gert til að reyna að koma í veg fyrir að viðmælendur þekktust þannig að orðræða vinahópa eða einstaklinga sem þekkjast vel myndu ekki skekkja niðurstöður rannsóknarinnar. Ástæður þess að ekki verði nánar tilgreindar upplýsingar um skólana er til þess að gæta fyllsta trúnaðar við þátttakendur þannig að upplýsingar séu ekki rekjanlegar til einstaklinga.

Margar leiðir eru til að velja þátttakendur. Markmiðsúrtak þótti henta best í þessari rannsókn (e. *purposive sample*) þar sem viðmælendur eða þátttakendur í rannsókn eru valdir út frá því hvernig þeir henta markmiði rannsókna (Silverman og Marvasti, 2008, bls. 166-167; Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 1996, bls. 185). Þau skilyrði sem einstaklingar þurftu að uppfylla til að taka þátt í rannsókninni voru að hafa lokið stúdentsprófi á tímabilinu 2012 – 2020. Einnig var það skilyrði að hafa nokkuð jafnt kynjahlutfall og að nemendur hefðu útskrifast úr mismunandi skólum um land allt. Allir þeir sem rannsakandi talaði við varðandi þátttöku í rannsókninni voru jákvæðir og samþykktu þátttöku.

Þátttakendur rannsóknarinnar voru á aldrinum 20 ára til 29 ára en einungis einn þátttakandi var 20 ára. Það var mismunandi milli þátttakenda hvort þeir fóru í háskólanám að loknu stúdentsprófi, beint á vinnumarkað eða í iðnnám. Hér næst verður sagt frá hverjum og einum þátttakanda. Vakin er athygli á því að stuðst er við gervinöfn á þátttakendum þannig að fyllsta trúnaðar sé gætt.

Bjarki er 20 ára og útskrifaðist árið 2020 með stúdentspróf úr framhaldsskóla á landsbyggðinni. Bjarki er á vinnumarkaði. Hann lauk þremur áföngum í íslensku á framhaldsskólastigi sem voru 15 framhaldsskólæiningar (feiningar) samkvæmt nýja einingakerfinu.

Guðlaug er 29 ára og útskrifaðist árið 2012 með stúdentspróf úr framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Guðlaug hefur lokið meistaraþrófi á háskólastigi og er nú á vinnumarkaði. Hún lauk fimm áföngum í íslensku á framhaldsskólastigi sem voru 15 einingar samkvæmt gamla einingakerfinu.

Hrefna er 24 ára og útskrifaðist árið 2017 með stúdentspróf úr framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Hrefna hefur lokið diplómanámi á háskólastigi og er nú á vinnumarkaði. Hún lauk sex áföngum í íslensku á framhaldsskólastigi sem voru 15 einingar samkvæmt gamla einingakerfinu.

Jóna er 24 ára og útskrifaðist árið 2016 með stúdentspróf úr framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Jóna hefur lokið diplómanámi á háskólastigi og er nú á vinnumarkaði. Jóna lauk sex áföngum í íslensku á framhaldsskólastigi sem voru 15 einingar samkvæmt gamla einingakerfinu.

Karl er 24 ára og útskrifaðist árið 2016 með stúdentspróf úr framhaldsskóla á landsbyggðinni. Karl er að ljúka iðnnámi og sinnir starfi samhliða náminu. Hann lauk sex áföngum í íslensku á framhaldsskólastigi sem voru 15 einingar samkvæmt gamla einingakerfinu.

Sonja er 24 ára og útskrifaðist árið 2017 með stúdentspróf úr framhaldsskóla á landsbyggðinni. Sonja stundar grunnnám í háskóla og sinnir starfi samhliða náminu. Hún lauk fimm áföngum í íslensku á framhaldsskólastigi sem voru 15 einingar samkvæmt gamla einingakerfinu.

Sveinn er 25 ára og útskrifaðist árið 2016 með stúdentspróf úr framhaldsskóla á landsbyggðinni. Sveinn stundar grunnnám í háskóla og sinnir

starfi samhliða náminu. Hann lauk sex áföngum í íslensku á framhaldsskólastigi sem voru 15 einingar samkvæmt gamla einingakerfinu.

## 4.2 Gagnasöfnun og úrvinnsla gagna

Þátttakendur rannsóknarinnar voru teknir í viðtöl á tímabilinu júní 2020 til janúar 2021. Þegar erindið var borið upp við verðandi þátttakendur tóku allir vel í verkefnið. Fyrst var haft samband við viðmælendur í gegnum síma eða samskiptaforrit og næst fundinn heppilegur vettvangur og tími til að taka viðtalið. Nokkur viðtalanna þurfti að taka rafrænt vegna aðstæðna í samfélaginu en þegar þau voru tekin voru mjög takmarkandi sóttvarnaraðgerðir í gangi vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Staður og stund viðtalanna, hvort sem þau voru rafræn eða augliti til auglitis, miðuðu við að það væri næði og að viðmælendur gætu tjáð sig án áreitis.

Fyrir hvert viðtal var viðmælanda gert ljóst að viðtalið yrði tekið upp og að þeir gætu hætt þátttöku hvenær sem þeir vildu. Þeim var einnig kynnt að fyllsta trúnaðar yrði gætt og það yrði ekki hægt að rekja gögn rannsóknarinnar til þeirra, rétt nafn þeirra myndi ekki koma fram eða aðrar persónuupplýsingar sem hægt væri að rekja til þeirra. Þátttakendur undirrituðu upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni. Rannsakandi reyndi eftir fremsta megni að hafa gott flæði í viðtölunum og grípa ekki orðið af viðmælanda. Rannsakandi hafði það hugfast á meðan viðtölum stöð að gæta hlutleysis varðandi tjáningu, hegðun og líkamsstöðu. Að mati rannsakanda vöfðust spurningar lítið sem ekkert fyrir viðmælendum. Viðmælendur virtust líka vera afslappaðir, jákvæðir og eiga auðvelt með að tjá sig um viðfangsefnið. Þeir þurftu sjaldan að biðja um útskýringar á spurningum og því má túlka að spurningarnar hafi verið skýrar. Rannsakandi leyfði sér þó að spyrja nánar út í einstök atriði hjá viðmælendum ef hann taldi þörf á því. Viðmælendur höfðu aldrei orð á að

spurningar væru ekki í takt við rannsóknina og enginn viðmælenda gerði athugasemd við rannsóknina.

Viðtölin voru tekin upp í tölvu og síðan afrituð. Viðtölin voru á bilinu 20-55 mínútur. Rannsakandi afritaði öll viðtölin sjálfur og lagði áherslu á að hafa þau orðrétt eftir viðmælendum.

Við gagnaöflum og úrvinnslu var notast við þemagreiningu, gögnin afrituð og þau síðan kóðuð (e. *coding*), en það er mikilvægt atriði í þemagreiningu. Þemagreining fór þannig fram að rannsakandi las öll viðtölin vel og oft yfir eftir að hafa afritað þau. Rannsakandi punktaði hjá sér eða merkti við orð og ákveðin atriði sem komu fram hjá viðmælendum og mynduðu ákveðin þemu sem síðan voru notuð í greiningunni. Öll viðtölin voru skoðuð ýtarlega og greind og færð í þemu (Braun og Clarke, 2006, bls. 77-79; Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013 bls. 223-225). Þau þemu sem voru greind voru jákvæð upplifun, almenn velgengni, bókmenntir í öndvegi, haldið í hefðir en ákall í nútímann, almenn þekking, jákvætt mat á eigin hæfni, tilgangur út í lífið og grunnurinn nóg.

Kóðun er algeng aðferð í greiningu eigindlegra gagna. Fyrsta skref kóðunar gagna er opin kóðun (e. *initial coding*). Við opna kóðun er nauðsynlegt að nálgast gögnin með opnum hug og vera meðvitaður um hvað gögnin geta leitt í ljós. Þá er nauðsynlegt að skoða gögnin rækilega og vera ekki búinn að gefa sér ákveðnar niðurstöður í rannsókninni fyrir greiningu gagnanna. Rannsakandi skoðaði gögnin með opnum hug og las þau oft yfir (Charmaz, 2006, bls. 42-47). Við kóðunina var stuðst við kóðun línu fyrir línu (e. *line-by-line coding*). Sú kóðun þykir heppileg til að greina gögnin niður í þætti, finna hugtök og þemu og bera saman viðtöl. Huga þurfti vel að því hvaða kóðun þótti heppileg fyrir afrakstur viðtalanna (Charmaz, 2006, bls. 50-53; Hennink, Hutter og Bailey, 2011, bls. 217-220).

Seinna skref kóðunnar rannsóknarinnar var markviss kóðun (e. *focused coding*). Þegar kóðunin var komin yfir í markvissa kóðun var farið að skoða mikilvægustu kóðana úr fyrri skrefum, þ.e. farið að samþætta niðurstöður og bera saman gögn úr opnu kóðuninni. Þá voru teknir fyrir mikilvægustu kóðarnir og þeir sem komu oftast fyrir. Þegar markvissa kóðunin var vel á veg komin voru kóðarnir greindir og búin til þemu og undirflokkar úr þeim (Charmaz, 2006, bls. 57-58; Hennink, Hutter og Bailey, 2011, bls. 220-222). Þegar rannsakandi var búinn með alla greiningarvinnu úr viðtölunum og búið var að kryfja allar nauðsynlegar niðurstöður úr þeim var gögnunum eytt til að gæta trúnaðar við alla þátttakendur rannsóknarinnar.

### 4.3 Siðferðilegar hliðar

Líkt og kemur fram hér að ofan var þátttakendum í rannsókninni greint frá því að þeir gætu sagt sig frá rannsókninni hvenær sem þeir vildu. Allir þátttakendur gáfu leyfi fyrir því að viðtalið yrði tekið upp. Öllum voru gefin gervinöfn og passað upp á að upplýsingar væru ekki rekjanlegar til einstaklinga. Í byrjun hvers viðtals fór fram stutt kynning á því sem rannsóknin snerist um og hvaða markmið og tilgangur væri með henni. Öllum þátttakendum var heitið fyllsta trúnaði og einnig kom þar fram að þegar rannsóknin væri yfirstaðin þá yrði öllum gögnum eytt. Það er mikilvægt í eigindlegum rannsóknum eins og þessari að það ríki traust milli þátttakenda og rannsakanda og við greiningu gagnanna sé gætt að virðingu við þátttakendur. Þegar unnið er með persónuupplýsingar og við greiningu gagna er mikilvægt að rannsakandi sé meðvitaður um eigin viðhorf og gildi, auk þess að hann reyni að gæta hlutleysis (Hennink, Hutter og Bailey, 2011, bls. 76) og var það haft að leiðarljósi í þessari rannsókn.

Þessi rannsókn var ekki tilkynnt til Persónuverndar en samkvæmt upplýsingum á heimasíðu persónuverndar kemur fram að ekki þarf leyfi ef

fullorðinn einstaklingur mótmælir ekki vinnslu persónuupplýsinga um sig í þágu vísindarannsóknna (Persónuvernd, e.d.).

#### 4.4 Takmarkanir rannsóknarinnar

Sú rannsókn sem hér var framkvæmd fól í sér opin einstaklingsviðtöl við sjö einstaklinga sem luku stúdentsprófi á árunum 2012-2020. Þar sem úrtakið sem stuðst er við í þessari rannsókn er fremur lítið hefur rannsóknin takmarkað alhæfingargildi. Það er því ekki hægt að alhæfa niðurstöðurnar yfir á alla einstaklinga sem hafa lokið stúdentsprófi í framhaldsskóla. Niðurstöðurnar gefa þó vísbendingu um það hvernig viðhorf nemenda sé í víðara samhengi.



## 5 Niðurstöður

Líkt og komið hefur fram hér að ofan var markmið rannsóknarinnar að skoða viðhorf útskrifaðra nemenda úr framhaldsskóla til íslenskukennslu í heild sinni. Auk þess voru væntingar nemenda skoðaðar og hvort þeir upplifðu tilgang með náminu. Hér að neðan verður sagt frá niðurstöðum úr viðtölum sem voru tekin við fjórar konur og þrjú karla. Kaflanum verður skipt í þrjú undirkafla og voru þeir valdir út frá markmiðum og rannsóknarspurningum. Í hverjum þeirra er meginþemum gerð skil og verða þau kynnt í byrjun hvers kafla. Þessir þrjú kaflar eru Reynsla af námi í íslensku, Væntingar til náms í íslensku og Viðhorf til náms í íslensku.

### 5.1 Reynsla af námi í íslensku

Viðmælendur voru inntir eftir reynslu sinni af íslenskunámi í framhaldsskóla. Þeir voru spurðir út í upplifun sína af náminu, hvernig þeim gekk í íslenskunámi, hvort þeir hafi fundið fyrir sérstökum áherslum og hvort þeir hefðu viljað að einhverjir námsþættir hefðu fengið meira vægi. Hér á eftir verður kaflanum skipt í fjóra undirkafla eftir þeim meginþemum sem komu fram. Fyrsti undirkaflinn er Jákvæð upplifun, þar er fjallað um upplifun þátttakenda af íslenskukennslu. Næsti undirkafla heitir Almenn velgengni en þar er fjallað um hvernig þátttakendum gekk í íslensku á sinni framhaldsskólagöngu. Þriðji undirkaflinn, Bókmenntir í öndvegi, fjallar um þær áherslur sem þátttakendur fundu fyrir í sínu íslenskunámi í framhaldsskóla. Fjórði og síðasti undirkaflinn heitir Haldið í hefðir en ákall í nútímann en þar er fjallað um hvort þátttakendur hefðu kosið að hafa vægi íslenskunáms öðruvísi en það var.

## Jákvæð upplifun

Þegar viðmælendur voru spurðir út í upplifun af íslenskukennslu í framhaldsskóla svöruðu allir á jákvæðum nótum. Viðmælendur hófu allir svör sín með að segja að upplifunin af íslenskukennslu hafi verið „fín“, „góð“ eða „ágæt“. Það sem fylgdi svarinu, ef einhverju var bætt við það, var þó undantekningarlaust gagnrýni. Karl hafði t.d. orð á að fyrstu áfangarnir hefðu verið fínir en þegar kom að „bókmenntafræðiáföngum“ hafi honum þótt íslenskunámið leiðinlegra en áður.

Jóna talaði um góða upplifun og var svar hennar við spurningu rannsakanda á því hver upplifun hennar hafi verið af íslenskukennslu í framhaldsskóla stutt og laggott sem bendir til þess að hún sé sátt með upplifun sína af þeirri íslenskukennslu sem hún hlaut eins og hún sagði með eigin orðum: „Hún var mjög góð. Já mjög góð upplifun“.

Hrefna sagði að hún hafi verið ánægð með kennarana í íslensku á sinni framhaldsskólagöngu en hún hafi hins vegar „ekki haft gaman af öllum þessum Íslendingasögum og því, og ég skildi kannski ekki alltaf af hverju það var inn í þessu íslenskunámi.“ Af svari hennar má túlka það þannig að hún hafi ekki haft mikinn áhuga á Íslendingasögum og var óviss með tilganginn og hversu mikið vægi þær höfðu. Hún hafði einnig orð á því að hún hafi verið sátt með íslenskukennsluna í sínum skóla en henni hafi fundist skemmtilegra í stafsetningu og málfræði heldur en bókmenntafræði. Auk þess má lesa í svar hennar að henni hafi ekki fundist íslenska skemmtilegasta fagið í náminu. Líkt og kemur fram í svari hennar hér: „En jújú mér fannst íslenskukennslan mjög flott sko. En þetta er ekki mitt svið í skóla og mér fannst t.d. miklu skemmtilegra í stafsetningu og einhverju svona heldur en í þessum bókmenntafræðum“.

Upplifun Sveins af íslenskukennslu var ágæt að hans sögn. Honum fannst samt ýmislegt vera tilgangslaust og lítið spennandi. Hann sagði samt að núna

seinna þætti honum sumar sögurnar sem hann las skemmtilegar. Hann talaði á þeim nótum að það sem honum þætti tilgangslaust og leiðinlegt væri sjálfsgæður hluti af námi. Hann nefndi Íslendingasögurnar sem námsþátt sem hann hafði ekki gaman af eða sæi tilgang með að læra. Sveinn hefði verið til í að eyða tímanum í eitthvað annað, líkt og hann segir með sínum orðum: „Það voru svona sumar Íslendingasögur sem maður þurfti kannski að gera ritgerð og eitthvað sem var kannski ekki alveg, maður sá ekki alveg af hverju og var til í að setja tímann í eitthvað annað“.

Sonja tók fram að hún hafi haft góða kennara og námið hafi á margan hátt verið áhugavert en hún tók fram að námið hefði þó ekki alveg staðist væntingar. Henni fannst vanta grunninn í íslenskuna og of mikil áhersla lögð á sögur og Hávamál og má túlka það þannig að henni hafi þótt of mikið af námsþáttum sem viðkomu sögum, líkt og kemur fram í svari hennar hér:

En eins og ég segi mér fannst ekki standast þessar væntingar sem ég hafði. Mér fannst vera miklu meira farið yfir sögu og Hávamál og svona mér fannst vanta í rauninni að fara bara svolítið í grunninn á íslenskunni... og bara stafsetningar og boðháttur og málshætti og þetta. En já. Annars svona fyrir utan það var ég bara sátt.

Bjarki taldi sína upplifun vera fína og að áfangarnir væru skemmtilegir og var sáttur með kennarana líkt og Sonja nefndi. Bjarki minnst á að hann hafi lært hitt og þetta, en hefði viljað eyða minna púðri í Íslendingasögurnar en hefði viljað meiri áherslu á málfræði, líkt og hann orðar sjálfur: „Bara fín. Skemmtilegir áfangar og góðir kennarar. Lærði svona hitt og þetta. Aðallega svona kannski ekki mikið málfræði og því skyldu heldur svona kannski meira um kannski tungumálið frekar og lesa þessar svona íslendingasögur og allt það“.

Guðlaug tekur í sama streng og Bjarki og talar um að upplifun hennar af íslenskunámi hafi verið fín. Hún tók fram að á áhugasvið hennar næði nú ekki inn á alla þætti íslenskunnar, sumt hafi höfðað meira til hennar en annað. Hún hafði þokkalega gaman af málfræðinni og sagðist enn þann dag í dag muna eftir því þegar hún lærði um málþróun barna, það mátti skynja gleði í rödd hennar þegar hún sagði frá því sem rannsakanda finnst benda til mikils áhuga á því sviði. Frásögn hennar um það var svohljóðandi: „Eins og málfræðin og svoleiðis þættir í íslenskunni. Ég man sérstaklega þegar ég var að læra um málþróun barna mér fannst það mjög áhugavert“.

Allir þátttakendur greindu frá jákvæðri upplifun en Karl, Hrefna, Sonja, Bjarki og Sveinn tala þó um að þau hafi ekki verið hrifin af bókmenntafræði, skilið tilganginn með henni eða vildu hafa minna af sögum eða Íslendingasögum. Flestir þátttakendurnir voru ánægðari með málfræðihluta íslenskunámsins heldur en bókmenntahluta þess.

## Almenn velgengni

Flestir viðmælendur í rannsókninni eiga það sameiginlegt að segja að þeim hafi gengið ágætlega í íslenskunámi í framhaldsskóla. Karl, Hrefna, Sveinn og Bjarki greindu öll frá því og orðuðu það öll þannig, að þeim hefði gengið ágætlega. Þó bætti Hrefna því við að hún hafi verið með sæmilegar einkunnir og meðalmanneskja í íslensku, sem bendir til þess að hún líti ekki svo á að hún hafi verið framúrskarandi á sviði íslenskunnar og að henni hafi fundist sum svið íslenskunnar erfið, líkt og kemur fram í svari hennar hér:

Mér gekk örugglega bara ágætlega en einkunnirnar segja kannski annað sko. En jújú bara sæmilegar einkunnir en þetta var svona sem var kannski að draga mig niður meira en annað. En jújú bara meðalmanneskja í íslensku þannig. En mér hefur samt alltaf fundist þessi bókmenntafræði mjög bara erfið sko.

Sonja talaði líkt og Hrefna um að íslenskan hafi ekki verið hennar sterkasta fag og minnst á að hún hafi verið rétt yfir meðalmanneskja í íslenskunni og velgengni hafi ekki verið eins mikil og í öðrum áföngum líkt og kemur fram í svari hennar:

Ekkert rosalega vel eða svona þannig. Ekki eins og aðrir áfangar. Ég var alltaf að fá bara svona rétt yfir meðal kannski sem er náttúrulega fint en maður hefur stundum meiri væntingar til sjálfs síns heldur en það. En auðvitað var það náttúrulega misjafnt eftir áföngum sko.

Á þessu svari má skynja að Sonja hafi ekki uppfyllt þær væntingar sem hún hafði til sín í námi í íslensku.

Sveinn bætir við að honum hafi gengið ágætlega þegar hann nennti að sinna þessu og gefur til kynna að hann hafi ekki sinnt náminu í íslensku vel í byrjun framhaldsskólagöngunnar líkt og sjá má í svari hans hér: „Gekk bara ágætlega þegar maður fór í þetta og nennti þessu. Maður var náttúrulega í byrjun bara að gera eitthvað sko en ég var finn námsmaður og lærði þetta alveg. Það vantaði ekki“.

Guðlaug og Jóna töluðu báðar að þeim hefði gengið vel í íslensku. Guðlaug bætti við að henni hefði gengið mjög vel og íslenskunámið hafi átt vel við hana líkt og hún orðar sjálf: „Það gekk bara mjög vel. Bara já, á vel við mig“.

Flestum þátttakendum gekk ágætlega eða vel í íslensku á sinni framhaldsskólagöngu þó sumir hefðu viljað gera betur.

## Bókmenntir í öndvegi

Þegar viðmælendur voru spurðir hvort þeir hafi fundið fyrir ákveðnum áherslum í íslenskunámi hölluðust svör þeirra flestra að bókmenntafræði. Það nefndu þó ekki allir bókmenntafræði beint en þeir sem gerðu það ekki nefndu einhverja þætti hennar.

Karl tilgreindi bókmenntafræði beint þegar hann var spurður um áherslur í íslenskukennslu á hans framhaldsskólaferli. Hann tjáði sig um að það hefði verið mikil áhersla á bókmenntafræði og mjög mikið af verkefnum í bókmenntafræði. Sveinn sagði einnig að það hefði verið mikil áhersla á bókmenntafræði. Hann nefndi líka stafsetningu og almenna íslensku líkt og hann segir hér: „Þældi ekki í því þá en það er mikil áhersla á bókmenntir og ég man bara alltaf þegar maður var að gera ritgerðir, bara almenn íslenska, stafsetning og allt þetta“.

Hrefna nefndi einnig bókmenntafræði sem áhersluatriði í sínu íslenskunámi. Hún nefndi í því samhengi að það hefði nú verið talsvert betra að læra um tungumálið eins og það er í dag en ekki til forna líkt og frásögn hennar gefur til kynna. „Mér fannst kannski vanta meira svona að kenna bara íslenskt mál þú veist ekki endalaust að kenna okkur eitthvað hvernig Íslendingar skrifuðu árið 1700 sko“.

Jóna var ekki á alveg sama máli og hin um bókmenntafræðina en hún talaði um að það hefði ekki beint verið meiri áhersla á bókmenntafræði en eitthvað annað í ljósi þess að samhliða bókmenntafræðinni hefði verið svo rík áhersla á stafsetningu og ritað í þeim verkefnum sem voru undir bókmenntafræðinni. Þó Karl hafi talað um áherslu á bókmenntafræði en Jóna ekki, þá var áhersla á stafsetningu og ritgerðir sambærileg í svari þeirra beggja en Jóna talar um ritun í bókmenntafræði.

Sonja nefndi bókmenntir ekki beint í sinni frásögn þegar hún var spurð um áherslur í þeirri íslenskukennslu sem hún hlaut. Hún sagði aftur á móti:

Umm... Nei ekki kannski alveg. Mér fannst. Mér fannst samt óheyrilega mikil áhersla á Hávamál og því um líkt... um... eitthvað sem ég hefði viljað læra aðeins minna um og meira um eitthvað annað. En nei. Ekkert svoleiðis.

Líkt og stendur í svarinu nefndi Sonja Hávamál og þegar hún var spurð hvað hún ætti nákvæmlega við með þegar hún sagði „og því um líkt“ sagði hún að hún væri að vísa til gamalla bóka sem notaðar voru í hennar íslenskukennslu.

Bjarki, líkt og Sonja, nefndi líka undirgrein bókmenntafræðinnar þegar hann var spurður út í áherslur í náminu. Hann talaði um áherslur á fornþókmenntir líkt og kemur fram í frásögn hans: „Já mér fannst vera svona svolítið meiri hérna svona áhersla á fornþókmenntir og svona forndót“.

Guðlaug var síðan líkt og hinir viðmælendur á svipuðum slóðum með sambærilegt svar. Hún nefndi fyrst þókmenntafræði en dró síðan aðeins úr svari sínu, hún minnst einnig á málfræði líkt og Jóna og Karl nefndu. Hér má sjá frásögn Guðlaugar: „Það var náttúrulega mikið um Íslendingasögurnar, fannst mér. Það var kannski misjafnt bara eftir áföngum. Sumir voru með svona þókmenntir og svo var annað sem var kannski meira einmitt málfræðin“.

Af svörum viðmælenda má draga þá ályktun að þeim hafi fundist vera mikil áhersla á þókmenntafræði í þeirra námi en þó voru tveir viðmælendur sem nefndu málfræði eða einhvern þátt málfræðinnar.

## Haldið í hefðir en ákall í nútímann

Viðmælendur voru spurðir hvort að það væri einhver námsþáttur eða námsþættir sem þeir hefðu viljað gefa meira vægi innan íslenskukennslu í framhaldsskólum. Svör þátttakenda voru nokkuð fjölbreytt. Þvert á fyrri kafla sagði Sonja t.d. að hún hefði alveg verið til í meiri kennslu í nútímabókmenntum og þá íslenskum þókmenntum. Hún sagðist muna eftir einum áfanga sem hafði farið ágætlega í íslenskar þókmenntir en hún hefði verið til í meira nám í þeim fræðum. Sonja sagði líka að það hefði mátt leggja meira upp með að efla orðaforða nemenda. Hún orðaði það þannig:

Það notar enginn þessu fallegu íslensku orð lengur, þessi erfiðu orð. Þannig að já maður finnur að leið og fólk fer í eitthvað svoleiðis þá hoppar það yfir í enskuna, þannig mér finnst vanta að koma því aftur og fannst það vanta svo lítið í kennslunni.

Guðlaug svaraði svipað Sonju og talar um að hún hefði viljað hafa fleiri nútímabækur í sínu íslenskunámi, nýlegri skáldsögur og má túlka það þannig að hún sé að vísa til þess að það geti höfðað til einstaklinga sem eru á framhaldsskólaaldri frekar en gamlar sögur, líkt og stendur í frásögn hennar:

Hefði kannski mátt vera meira af svona kannski svona nútímabókum. Það var náttúrulega mikið lagt áherslu á eldri sögur en hefði kannski mátt vera meira vægi svona nýlegri skáldsögur. Það kannski hefði höfðað betur til manns á þessum tíma líka.

Bjarki, Karl, Sveinn og Jóna tala öll um að það sé ekkert námsefni sem þau hefðu viljað gefa meira vægi í sínu íslenskunámi, líkt og má t.d. sjá hér í svari Karls: „Nei, ég held ekki“ og í svari Bjarka: „Nei. Ekki svo, nei“. Bjarki talar einnig um að það voru ýmsir þættir íslenskunnar sem hann lærði í grunnskóla og hafi ekki lært meira um þá í íslensku í framhaldsskóla og var hann þá að vísa í einhvern hluta málfræðinnar. Sveinn minnst á að það hafi verið nóg af reglum og slíku og að það hafi ekki þurft neitt meira af því og að hann hafi fengið nóg af ritgerðum og verkefnum. Auk þess var hann ekki viss um hvort það hefði verið farið nægilega vel í heimildaskráningu og annað sem kemur mikið fyrir í háskóla, líkt og kemur fram í frásögn hans:

Maður man alveg að það var mikið af, allar þessar íslensku allar reglurnar og allt það. Finnst ekkert endilega eins og það hafi þurft meira. Allavega ég er nokkuð vel staddur í mínum ritgerðum og verkefnum. Nema já reyndar ég man ekki hvernig það var með heimildaskráningu það er rosalega mikið um það í háskóla að það að Maður þurfti eiginlega að byrja þínu upp á nýtt í því sko. Ég mundi ekki neitt þannig sko.



Svar Jónu varðandi hvort hún hefði viljað gefa einhverju námsefni í íslensku meira vægi var áhugavert. Líkt og kom fram hér að ofan talar hún um að það sé ekkert sem hún vildi gefa meira vegi. Síðan segir hún: „Það hefði mátt gefa bókmenntum minna vægi hins vegar“. Svar hennar gefur til kynna að hún hafi verið orðin leið á bókmenntafræði og hefði viljað sjá meira af öðru námsefni en því.

Hrefna er á þeirri skoðun að það eigi að vera meira vægi á nútímaíslensku og stafsetningu. Henni finnst vanta í kennsluna að áherslan sé á nútímaíslensku en ekki íslensku til forna, líkt og hún segir sjálf: „Já bara íslenskt mál kannski í dag og bara stafsetning í dag. Það vantar í íslenskukennslu í dag að, að krakkar geti bara talað almennilega íslensku en ekki hvernig forfeður okkar töluðu“.

Frásagnir þátttakenda um hvort það hefði verið eitthvað sem þau hefðu viljað gefa meira vægi í námi sínu voru mismunandi. Guðlaug og Sonja vildu meira um íslenskar bókmenntir en Guðlaug talar um nútímabækur. Auk þess sem Sonja vill frekari kennslu í orðaforða. Bjarki, Karl, Jóna og Sveinn tala um að það sé ekkert sem þau hefðu viljað gefa meiri vægi, þó minnst Sveinn á að honum finnst vanta fræðslu um heimildaskráningu og slíkt sem er mikið notað í háskólum. Jóna minnst á að hafa viljað minna vægi af bókmenntum. Hrefna vill frekari áherslu á nútímaíslensku og stafsetningu frekar en hvernig það var á árum áður.

Hér næst verður fjallað um niðurstöður sem tengjast væntingum til náms í íslensku.

## 5.2 Væntingar til náms í íslensku

Væntingar þátttakenda til íslenskunámsins voru mismunandi. Þó var það sameiginlegt hjá nokkrum þeirra að þeir höfðu engar eða litlar væntingar til námsins. Aðrir nefndu helst að þeir vildu efla málnotkun og ritun.

Hér á eftir verða kynnt það meginþema sem kom fram varðandi væntingar til náms í íslensku. Undirkaflinn heitir Almenn þekking þar sem farið verður yfir væntingar til íslenskukennslu í framhaldsskóla.

## Almenn þekking

Þegar viðmælendur voru spurðir um væntingar til íslenskukennslu í upphafi framhaldsskólanáms þeirra var algengt að þeir hafi lítið spáð í því í fyrstu. Sveinn talaði um að hafa ekki miklar væntingar líkt og kemur fram í svari hans hér:

Þegar ég hóf, það voru sjálfsagt ekki miklar, ekki af náminu sjálfu. Maður bara kom einhverveginn inn í þetta og ætlaði að reyna gera eitthvað. Fyrst, kannski ekki mikill metnaður hjá manni á þessum árum [...] Hvaða væntingar, hvað á maður að segja? Ég veit ekki maður vonaði bara að það yrði nokkuð auðvelt að koma sér í gegnum þetta.

Af þessu svari að dæma hafði Sveinn ekki neinar sérstakar væntingar til námsins aðrar en að hann myndi ráða við það. Miðað við að hann nefnir að hann hafi ekki haft mikinn metnað getur verið að hann hafi ekki spáð mikið í eigin væntingum til náms. Karl var á svipuðum slóðum varðandi væntingar líkt og kemur fram hér: „Ekki miklar, nei, ég.. spáði ekkert í því bara að þetta væri íslenska og maður væri að læra um einhverjar gamlar sögur“. Líkt og kemur fram í svari hans hafði hann ekki haft miklar væntingar, spáði lítið í því og hann hafi hugsað að hann væri að fara læra gamlar sögur og leggur áherslu á það. Jóna svaraði á svipaðan hátt og Karl og Sveinn en talar um að hún hafi ekki haft neinar væntingar til námsins og sagði að hún hefði engu við það að bæta. Auk þess talaði Sonja um að hún hefði ekki miklar væntingar en þó einhverjar. Það sneri aðallega að því sem hún vildi bæta sig í:

Sko mínar væntingar voru meira gagnvart rituðu máli, að rita íslenskuna og svona þess háttar að hjálpa mér við það. Mm... Það voru svosem ég

hafði ekki miklar væntingar í sjálfu sér í framhaldsskóla gagnvart náminu nema það að þetta var það sem mig langaði að bæta mig í. Þannig já ætli að það hafi ekki verið það að rita, stafsetning og þess háttar.

Sonja bætti síðan við seinna í viðtalinu að hún vildi einnig bæta málfræðivitund sína með svipuðum hætti og gert var í grunnskóla en þá fara dýpra í efnið. Væntingar Hrefnu voru sambærilegar væntingum Sonju. Hrefna sagði að væntingar hennar höfðu verið að hún myndi geta skrifað og talað þokkalega. Hrefna bætti við að hún vildi ekki mikla sérhæfingu, bara að hún myndi geta tjáð sig í ræðu og riti á þokkalegan hátt líkt og sést á svari hennar hér: „Uu...Ég bara já bara að geta verið, geta skrifað svona þokkalega og talað þokkalega, en ekki að ég ætlaði að verða einhver íslenskufræðingur sko. Bara þannig að ég gæti allavega búið til setningar og talað svona þokkalega“.

Bjarki talar um að væntingar sínar höfðu ekki verið flóknar, en minnst á að væntingar hans höfðu snúist um áframhaldandi málfræðikennslu úr grunnskóla líkt og sést í svari hans hér: „Bara svona eitthvað áframhaldandi málfræði og eitthvað svoleiðis“.

Væntingar Guðlaugar voru nokkuð markvissar miðað við hennar svar. Hún talaði um að þær höfðu verið að læra það helsta í málsögu, málfræði og annað sem snýr að íslenskunni. Hún sagði að hún hafi haft væntingar um að geta nýtt það sem hún myndi læra í íslensku í framhaldsskóla í áframhaldandi námi að loknum framhaldsskóla líkt og sjá má í hennar svari hér:

En þetta bara þetta helsta að læra um söguna, málfræðina og já allt þetta helsta í íslenskunni. Og bara já. Já ég hafði bara væntingar um að geta nýtt mér eitthvað úr íslenskunni í áframhaldandi námi. Taka góðan grunn í íslenskunni til að geta haldið áfram með í framhaldinu.

Karl, Sveinn og Jóna höfðu litlar væntingar varðandi nám sitt í íslensku. Sonja, Hrefna og Bjarki voru með sambærilegar væntingar. Sonja vildi bæta

málfræðivitund sína og Hrefna vildi geta skrifað og talað vel. Guðlaug var með væntingar um að læra það helsta í málsögu og málfræði auk þess að geta nýtt það sem hún lærði í áframhaldandi námi.

Í næsta kafla verður fjallað um viðhorf þátttakenda til náms í íslensku.

### 5.3 Viðhorf til náms í íslensku

Viðhorf þátttakenda til íslenskukennslu í framhaldsskóla var mismunandi en flestir höfðu þó jákvætt viðhorf til íslenskunnar.

Hér á eftir verður farið yfir þau meginþemu sem komu fram varðandi viðhorf þátttakenda til náms í íslensku. Fyrsti undirkaflinn ber heitið Jákvætt mat á eigin hæfni þar sem farið er yfir hvernig þátttakendur meta eigin íslenskuhæfni í dag. Næsti undirkafl er Tilgangur út í lífið og fjallar um hvort þátttakendur hafi upplifað tilgang með þeirri íslenskukennslu sem þeir fengu. Þriðji undirkaflinn heitir Grunnurinn nóg og þar er fjallað um það hvort þátttakendur hefðu kosið að skrá sig í fleiri íslenskuáfangum ef það hefði staðið til boða.

#### Jákvætt mat á eigin hæfni

Ein spurning rannsóknarinnar sneri að íslenskuhæfni viðmælenda í dag. Allir viðmælendur voru jákvæðir í garð eigin hæfni.

Karl, Sveinn, Jóna töluðu öll um ágæta hæfni í íslensku. Auk þess minnst Karl á að hann sé á svipuðum stað og jafningjar, líkt og sjá má í svari hans hér: „Bara ágæta. Ekkert skárri og ekkert verri en jafnaldrar held ég“.

Svör Bjarka eru sambærileg en hann talar um að hæfni hans í íslensku sé frekar góð. Líkt og sést í frásögn hans hér: „Bara svona frekar góð sko“. Guðlaug svaraði á svipaðan hátt og Bjarki en svaraði af meira sjálfsöryggi og talaði um að henni fyndist eigin hæfni í íslensku vera mjög góð.

Hrefna og Sonja voru ekki eins öruggar með eigin hæfni í íslensku líkt og þátttakendur hér að ofan. Hrefna talar um líkt og Karl, Sveinn, Jóna, Bjarki og Guðlaug að eigin hæfni í íslensku sé nokkuð góð en talar síðan um að bókmenntafræði sé fag sem hún er ekki sterk í, líkt og sést á svari hennar: „Hún er bara nokkuð góð en ekki í bókmenntafræðum. Hún er ekki góð. En bara íslenskt mál það flækist svo sem ekkert fyrir mér sko“. Auk þess nefnir Hrefna að hún eigi ekki erfitt með að nota íslenskt mál. Sonja talar um að eigin hæfni í íslensku mætti vera betri. Það má túlka það svo að henni finnst eigin stafsetning og annarra af hennar kynslóð ekki vera til fyrirmyndar og að íslenskan sé að hverfa. Líkt og kemur fram í frásögn hennar hér:

Mætti vera betri alveg klárlega. ég held ég sé aðallega að tala um ritað mál. Maður tekur alveg eftir því í dag hvað stafsetningarvillurnar eru margar og ekki bara hjá mér heldur mörgum af minni kynslóð. Tekur maður bara eftir því hvað íslenskan er að hverfa eða þannig.

Af frásögn Sonju og tón hennar þegar hún talaði um þetta mætti segja að hún hefði áhyggjur af því að íslenskan eins og við þekkjum hana muni hverfa með komandi kynslóðum.

Karl, Sveinn og Jóna töluðu um ágæta hæfni í íslensku. Bjarki og Guðlaug töluðu um frekar góða eða mjög góða hæfni í íslensku. Hrefna talar líka um góða hæfni en ekki í bókmenntafræði. Sonju talar um að hæfni sín mætti vera betri í íslensku og vísar til þess að hún hræðist það að íslenskan sé að hverfa með komandi kynslóðum.

## Tilgangur út í lífið

Upplifun þátttakenda af tilgangi íslenskunáms í framhaldsskóla var mismunandi, allt frá því að þátttakendur upplifi tilgang með náminu og aðrir sem töluðum um að það hafi ekki verið tilgangur með því. Karl sá lítinn tilgang með íslenskunámi sínu í framhaldsskóla og svarar spurningu rannsakanda

„upplifðir þú tilgang með náminu“ með því að segja „nei, eiginlega ekki“. Hann talaði síðan um að námið hefði ekkert nýst honum í áframhaldandi iðnnámi en það getur einnig skýrst af því að áhersla á íslensku í því námi gæti hafa verið lítil.

Allir hinir þátttakendurnir sáu tilgang með íslenskukennslu sem þeir fengu, þó mismikinn. Sveinn talar um að það sem sneri að íslenskunni sjálfri, þ.e.a.s. málinu sjálfu hafi haft tilgang en hann sá ekki tilgang með öllum sögunum sem voru kenndar líkt og kemur fram í svari hans hér: „já það sem snerti á íslenskunni sjálfri, ekki öllum sögunum“. Með sögunum telur rannsakandi að Sveinn sé að vísa í Íslendingasögur og aðrar sögur sem voru nýttar sem lesefni í áföngunum sem hann tók. Hrefna og Jóna svöruðu nánast eins og voru svörin sambærileg við frásögn Sveins. Hrefna sá tilgang með íslenskunni en ekki bókmenntafræði á því tímabili sem hún var að læra um það en rannsakandi telur að hún sé að vísa til þess tímabils í lífi einstaklings sem hann er í framhaldsskóla, líkt og segir í frásögn hennar: „Heyrðu jájá það er alveg tilgangur. En mér þótti ekki mikill tilgangur með bókmenntafræði á þeim tíma sem ég var að læra bókmenntafræði sko“. Jóna talaði um að hún sæi tilgang með flestum námsþáttum í íslenskunni og þá helst það sem tengist stafsetningu og rituðu máli en minna það sem tengist bókmenntum, líkt og kemur fram í frásögn hennar: „Já flestri, en ekki alveg allri, meira svona í tengslum við þá stafsetningu og ritað mál og þess háttar en kannski svona minna í kringum bókmenntirnar“

Guðlaug minnst á það líkt og Jóna að hún sá tilgang með íslenskunni en þá mest sem grunn í skrifum sem nýtist við ritgerðir og í starfi. Henni finnst hún líka hafa lært hugtök sem hún notar lítið í dag. Líkt og hún segir með eigin orðum: „Já. Það er náttúrulega mikið af einhverjum málfræðihugtökum sem

að maður notar ekkert í dag en klárlega grunnur samt sem maður notar í skrifum og í ritgerðarskrifum og í vinnunni. Í svona málfræðilegum tilgangi“.

Bjarki er einnig sammála flestum hinum og sér tilgang með íslenskunni og vísar til uppeldis sem hann hlaut þar sem lögð var áhersla á að tala góða íslensku. Hann er því meðvitaður um það þegar aðrir tala ekki rétt mál, líkt og hann segir hér:

Já alveg einhvern tilgang. Ég var alin upp við að tala rétta íslensku þannig það pirrar mig oft þegar einhverjir aðrir eða ég heyri einhverjar málfræðivillur eða eitthvað svoleiðis. Þannig að já mér finnst ég alveg, ég sé alveg mikilvægi í því að læra að tala góða íslensku og þess háttar.

Auk þess minnst Bjarki á að þekkingin á Íslendingasögnum sé tilgangslaus en að honum finnst þær þó skemmtilegar.

Sonja talar mikið um tilgang með íslenskunámi og minnst á að hún hafi lært um hefðir sem er mikilvægt að hennar mati. Henni finnst hún vera betur sett í dag eftir að hafa lært íslensku í framhaldsskóla. Auk þess ræðir hún að sú þekking sem hún hlaut af íslenskukennslu nýtist þó að það sé ekki hægt að koma auga nákvæmlega á hvað það er eða hvað var lært í hvaða áfanga líkt og hún segir sjálf:

Já. Þetta nýtist alveg. Maður lærði náttúrulega helling um hefðir og þess háttar. Sem eru náttúrulega mikilvægar og nýtast alveg. Ég held ég sé klárlega betur sett í dag við að hafa tekið íslenskuáfanga en hefði ég ekki tekið þá en held þetta sé alltaf svona svo lítið bakvið mann eða þannig. Maður fattar kannski ekki alveg að þetta hafi haft áhrif en innst inni samt þá gerir það það. Þetta er einhversstaðar þarna þú veist þú lærðir þetta en, en ég man ekki eftir neinu akkúrat núna sem ég svona, já! ég lærði þetta þarna í íslensku 203 ég veit þetta. Já ég man ekki eftir neinu svona mómenti en, en ég held samt þetta hafi allt saman í rauninni sest einhversstaðar inn og hver veit nema í framtíðinni getur maður allt í einu komið með svona punkt.

Það sáu því allir nema Karl einhvern tilgang með námi í íslensku í framhaldsskóla.

## Grunnurinn nóg

Flestir þátttakendur rannsóknarinnar töluðu um að ef þeim hefði staðið til boða fleiri íslenskuáfangar í framhaldsskóla þá hefðu þeir ekki skráð sig. Karl og Sonja tala þó um að þau hefðu þegið frekari íslenskukennslu ef hún hefði staðið þeim til boða. Karl talar um að ef það hefði verið í boði meiri málfræði þá hefði hann þegið það. Sonja talar um að inntak þeirra áfanga sem hún myndi taka ef þeir stæðu henni til boða myndi skipta máli en hún segir:

Held það fari samt svolítið eftir því í rauninni hvað væri þá innifalið í þeirri kennslu. Þú veist hvað, hvað af þessari víðu íslensku erum við að fara að læra, en já ég hefði klárlega skoðað það og örugglega skráð mig.

Sveinn talar um að hann hefði ekki tekið fleiri áfanga ef það hefði staðið honum til boða. Ef það hefði verið venjuleg íslenska eins og hann orðar það sjálfur þá hefði hann ekki tekið þá áfanga og segir að það hefði þurft að vera áhugaverðara en það til þess að hann hefði viljað skrá sig.

Hrefna og Jóna tala báðar um að þær höfðu ekki tekið fleiri íslenskuáfanga og í þeim skólum sem þær sóttu voru þeir til boða en þær nýttu sér ekki þá áfanga. Líkt og kemur fram í svari Hrefnu: „Hún stóðst mér alveg til boða og ég sótti mér hana ekki. Ég tók engan valáfanga í íslensku“ og í svari Jónu: „Nei en það náttúrulega stóð alveg til boða og maður hefði getað tekið það ef maður hefði áhuga á því“. Staðan hjá Bjarka var sú saman og hjá Hrefnu og Jónu. Hann hefði ekki tekið fleiri áfanga og hann telur að það hafi verið fleiri áfangar í boði í hans skóla. Það sem var þó frábrugðið í svari hans var að hann íhugaði að taka áfanga í yndislestri en hafði ekki áhuga á að taka aðra áfanga. Líkt og kemur fram í svari hans:



Já það voru alveg örugglega einhverjir valáfangar en nei ég hefði ekki kosið að fara í það sko. Ekki nema það voru jú einhverjir íslenskuáfangar sem voru yndislestur og eitthvað svoleiðis. Var alveg búinn að hugsa mér kannski að fara í eitthvað af því en ekki annað.

Bjarki lét þó ekki verða að því að skrá sig í yndislestur í íslenskunni.

Guðlaug var á sama máli og Hrefna, Jóna og Bjarki en hún mundi ekki til þess að það hafi verið í boði fleiri áfangar í íslensku. Hún vísar til þess að áhugasvið hennar hafi verið á öðru sviði en íslensku, líkt og kemur fram í frásögn hennar: „Ég tók bara skylduáfangana ég man nú ekki til þess að það hafi verið meira í boði. En ég er ekki viss um að ég hefði tekið það nei. Það var svona annað val sem kannski höfðaði meira til mín“.

Þeir þátttakendur sem hefðu þegið frekari kennslu eru því Sonja og Karl. Þau sem hefðu ekki þegið eða þáðu ekki kennslu sem var í boði voru Hrefna, Sveinn, Jóna, Guðlaug og Bjarki.

## 5.4 Samantekt

Hér að ofan hefur verið farið yfir helstu niðurstöður sem komu fram hjá þátttakendum. Allir þátttakendur hafa það sameiginlegt að hafa lokið stúdentsprófi á árunum 2012-2020 en stunduðu framhaldsskólanám sitt á mismunandi stöðum á landinu. Niðurstöður sýndu að allir þátttakendur höfðu jákvæða upplifun af íslenskunáminu. Rúmlega helmingur þátttakenda sá ekki tilgang með bókmenntafræði, sögum eða Íslendingasögum eða vildu minna vægi á þeim þáttum. Af frásögnum viðmælenda má draga þá ályktun að þeim hafi fundist mikil áhersla á bókmenntafræði en þó töluðu tveir um áherslu á málfræði eða einhvern hluta hennar. Flestir þátttakendurnir voru ánægðari með málfræðihlið íslenskunámsins heldur en bókmenntafræðihlið þess. Auk þess gekk flestum þátttakendum ágætlega eða vel í íslensku á sinni framhaldsskólagöngu þó sumir hefðu viljað gera betur. Nokkrir vildu gefa

Íslenskum bókmenntum meira vægi, ein talaði um áherslu á orðaforða, þrír töluðu um að það væri ekkert sem þau hefðu viljað gefa meira vægi. Ein talaði um minna vægi bókmennta og ein um að hafa viljað meiri áherslu á nútímaíslensku og stafsetningu. Meirihluti þátttakenda hafði litlar eða engar væntingar til námsins og þrír þátttakenda höfðu væntingar sem tengdust málfræði. Flestir þátttakendur töluðu um ágæta eða góða hæfni í íslensku. Einum þátttakenda fannst hann geta bætt sig og nefndi að íslenskan muni hverfa með komandi kynslóðum. Allir nema einn sáu tilgang með sínu íslenskunámi í framhaldsskóla og flestir þátttakendur hefðu ekki þegið frekari íslenskukennslu hefði hún staðið til boða.

## 6 Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða viðhorf nemenda til íslenskukennslu í framhaldsskólum, eigin reynslu þeirra af íslenskukennslu í framhaldsskóla og væntingar þeirra til námsins, ef þær voru einhverjar. Eins og áður hefur komið fram er ekki mikið til af rannsóknum af þessum toga. Rannsakanda langaði að fá sjónarhorn útskrifaðra framhaldsskólanemenda á viðfangsefnið og var því valinn sjö manna úrtakshópur sem kom í viðtöl. Reynt var að fá fram viðhorf, væntingar og reynslu viðmælenda í viðtölunum. Einnig var athugað hvort viðmælendur hefðu séð tilgang með sínu námi. Rannsóknarspurningarnar sem stuðst var við í þessu verkefni eru:

- Hvaða reynslu hafa útskrifaðir nemendur af íslenskukennslu í framhaldsskóla?
- Hvert er viðhorf nemenda til íslenskukennslu í framhaldsskóla?
- Hverjar voru væntingar útskrifaðra nemenda til íslenskukennslu í framhaldsskóla?

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að flestir þátttakendur voru jákvæðir gagnvart eigin upplifun af því íslenskunámi sem þeir fengu í framhaldsskóla. Tæplega helmingur þátttakenda hafði litlar væntingar til náms síns í íslensku og rúmlega helmingur væntingar sem tengdist málfræði. Einn þátttakandi hafði væntingar um að geta nýtt íslenskuna í áframhaldandi námi. Mörgum þátttakendum fannst mikil áhersla lögð á bókmenntafræði, sögur og Íslendingasögur og fimm af sjö þátttakendum hefðu ekki þegið eða þáðu ekki

að skrá sig í fleiri áfanga í íslensku. Fjórir þátttakendur töluðu um að þeir hefðu ekki viljað hafa aðrar áherslur en einn nefnir minni áherslu á bókmenntafræði. Hinir vildu annaðhvort aukna kennslu í nútímabókmenntum, nútímabókum og kennslu á íslensku eins og hún er í dag en ekki til forna. Þrír þátttakendur töluðu um ágæta hæfni í íslensku, þrír töluðu um góða hæfni og einn þátttakandi talar um að eigin hæfni sé ekki nógu góð. Allir þátttakendur nema einn sáu tilgang með námi sínu. Í þessum kafla verður farið nánar yfir niðurstöðurnar og þær tengdar þeim fáu fyrri rannsóknum sem til eru á efninu. Samhliða því verður leitast við að finna svör við rannsóknarspurningum verkefnisins. Fyrsti undirkaflinn heitir Jákvæð upplifun og gott sjálfsmat þar sem niðurstöður sem tengjast reynslu af námi í íslensku verða ræddar. Annar undirkaflinn heitir Almenn vitund þar sem rætt verður um niðurstöður sem tengjast væntingum til náms í íslensku. Þriðji og síðasti undirkaflinn heitir Sátt með sitt framlag þar sem ræddar verða niðurstöður sem tengjast viðhorfi til náms í íslensku.

## 6.1 Jákvæð upplifun og gott sjálfsmat

Viðmælendur rannsóknarinnar áttu það allir sameiginlegt að tala almennt jákvætt um námið. Að þeirra mati gekk þeim heilt yfir vel í náminu og lýstu upplifun sinni af náminu sem jákvæðri. Flestir höfðu samt gagnrýnispunkta til að bæta við þegar þeir voru spurðir út í upplifun sína. Sumir viðmælenda höfðu orð á að þeir sæju ekki tilganginn með að læra um þessar gömlu bókmenntir eða hreinlega að þeim þætti sá námsþáttur leiðinlegri en aðrir. Einn viðmælandi sagði að hann hefði heldur viljað eyða tímanum í eitthvað annað en Íslendingasögur. Þrír þátttakendur töluðu um áherslu á stafsetningu og ritað mál og einn þeirra talar um áherslu á ritun í bókmenntafræðinni. Einnig kom fram að viðmælendur hefðu viljað fá sterkari grunn í nútímamálfræði frekar en að leggja stund á Hávamál, sem dæmi. Svör allra viðmælenda við upplifun sinni af íslenskukennslu komu flest inn á að bókmenntafræðin og það sem henni

tengist hafi síður verið í upphaldi hjá nemendum hvort sem þeim fannst það minna spennandi, erfiðara eða þætti það tilgangslaust. Í rannsókn sem Kristján Jóhann Jónsson o.fl. (2018, bls. 153-154) framkvæmdu bentu niðurstöður til þess að kennurum fannst staða í bókmenntakennslu ekki nógu góð í grunn- og framhaldsskólum og að margir stjórnendur og kennarar innan skólakerfisins vilja efla íslenskar bókmenntir og sinna þeirri kennslu af ástríðu. Miðað við niðurstöður þessarar rannsóknar þá eru nemendur annars vegar og kennarar og skólastjórnendur hins vegar ekki sammála um bókmenntafræðikennslu. Það er spurning hvers vegna svo sé. Meðan að starfsmenn skólakerfisins hafa ánægju af og telja bókmenntafræði kennslu mikilvæga er ólíklegt að vægi hennar minnki í framhaldsskólum.

Hefðina fyrir að kenna bókmenntafræði má rekja a.m.k. aftur til Lærða skólans en þar var bókmenntasaga Íslendinga kynnt fyrir nemendum (Heimir Þorleifsson, 1975, bls. 110-112; Reykjavíkurbósturinn, 1846-1847). Í fræðslulögunum sem voru sett 1907 voru bókmenntir nefndar sem einn af þremur námsþáttum íslensku (Loftur Guttormsson, 1993, bls. 18). Námsbók sem gefin var út eftir setningu fræðslulaganna 1907 fjallaði um íslenskan skáldskap, þannig að þar var farið að fræða unga íslenska nemendur um bókmenntir. Þess skal getið að bókin, sem hét *Lesbók handa börnum og unglingum*, var hugsuð sem lestraræfing fyrir nemendur. Líkt og kemur fram hér að ofan þá á bókmenntafræði sér langa sögu og er vel ígrunduð í íslenskukennslu í skólum. Í aðalnámskrá kemur fram að íslenska eigi að hafa menningarmótunarhlutverk og eru bókmenntir landsins stór þáttur í menningu og stolti Íslendinga. Einnig kemur fram að mikilvægt sé fyrir framhaldsskólanemendur að öðlast skilning á menningarlegu, félagslegu og sögulegu gildi móðurmálsins og bókmennta (Menntamálaráðuneytið, 1999a, bls. 9-10). Í aðalnámskrám í gegnum tíðina hefur íslensku sem námsgrein verið

skipt niður í mismunandi þætti. Þeir þættir hafa verið mismargir en bókmenntafræði hefur alltaf verið þáttur sem hefur fengið mikið vægi, ásamt málfræði (Ingvar Sigurgeirsson, 1993) og niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að nemendur finni vel fyrir þessum bókmenntafræðiþætti í náminu. Af svörum viðmælenda má draga þá ályktun að þeim hafi fundist vera mikil áhersla á bókmenntafræði í þeirra námi en þó voru tveir viðmælendur sem nefndu málfræði eða einhvern þátt málfræðinnar. Flestir þátttakendur hölluðust að því að að mest væri um áherslu á bókmenntafræði eða einhvern þátt hennar í sínu framhaldsskólanámi í íslensku þar kom t.d. fram Íslendingasögur, fornþekktir og Hávamál. Líkt og kemur fram í rannsókn Kristján Jóhanns Jónssonar o.fl. (2018) þá eru Íslendingasögurnar kenndar og skoðaðar sem hluti af menningararfi þjóðarinnar (Kristján Jóhann Jónsson, o.fl., 2018, bls. 153-154).

Miðað við ofangreindar niðurstöður er spurning hvort ætti að draga úr vægi bókmenntafræði í íslensku í framhaldsskóla, þar sem svör viðmælenda gefa til kynna að of mikið sé af henni. Þó gætu svör þátttakenda verið afsprengi þess þroskastigs sem þau voru á í framhaldsskóla og hafa því ekki fyllilega gert sér grein fyrir vægi bókmennta. Þessi rannsókn gefur þó til kynna að áhugavert væri að skoða það að minnka vægi bókmenntanna eða breyta áherslum hennar í kennslu. Einnig væri hægt að skoða leiðir til að breyta þessu viðhorfi nemenda til bókmenntafræðinnar. Skoða þá hvernig megi gera bókmenntir aðgengilegri og eða skemmtilegri í augum nemenda og skýra tilgang þeirra. Í rannsókninni *Íslenska sem kennslugrein og kennslutunga* kom í ljós að nemendur tengja bókmenntafræðinámið við verkefni, lærdóm og próf en ekki yndislestur. (Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson, 2018, bls. 57-58) Þegar það er skoðað út frá

niðurstöðum þessarar rannsóknar er spurning hvort að það ýti þá frekar undir að svör þátttakenda séu afsprengi þroskastigs framhaldsskólaáranna.

Flestum þátttakendum gekk ágætlega eða vel í íslensku á sinni framhaldsskólagöngu þó sumir hefðu viljað gera betur í einhverjum þáttum íslenskunnar. Einn þátttakandi minnst á það að honum hafi gengið ágætlega þegar hann fór að sinna náminu. Annar þátttakandi ýjaði að því að honum hafi gengið þokkalega í íslensku en það hefði helst verið íslenskan sem dró hann eitthvað niður. Því má áætla að viðmælendur álíti að þeir hafi þokkaleg tök á þeirri þekkingu, leikni og hæfni sem aðalnámskrá kveður á um að framhaldsskólanemendur hafi öðlast að loknu námi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Frásagnir þátttakenda um hvort það hefði verið eitthvað sem þau hefðu viljað gefa meira vægi í námi sínu voru mismunandi. Guðlaug og Sonja vildu meira um íslenskar bókmenntir en Guðlaug talar um nútímabækur auk þess sem Sonja vill frekari kennslu í orðaforða. Bjarki, Karl, Jóna og Sveinn tala um að það sé ekkert sem þau hefðu viljað gefa meiri vægi. Þó minnst Sveinn á að honum finnst vanta meiri áherslu á heimildaskráningu og slíkt sem er mikið notað í háskóla. Jóna minnst á að hafa viljað minna vægi af bókmenntum. Hrefna vill frekari áherslu á nútímaíslensku og stafsetningu frekar en hvernig það var á árum áður.

Viðmælendur voru sumir á því máli að þeir hefðu viljað læra meira um málfræði og málnotkun. Það er skiljanlegt ef við skoðum það út frá þeirri staðreynd að það er mikilvægt fyrir einstaklinga að skilja mikilvægi tungumálsins og þar leikur málfræðikunnátta stórt hlutverk. Markmið íslenskukennslu samkvæmt mörgum íslenskukennurum er að gera nemendur að betri málnotendum (Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson og Sigurður Konráðsson, 2018). Í þessari rannsókn eru nokkrir viðmælendur sem lögðu

áherslu á það. Niðurstöður Hönnu Óladóttur (2017) bentu til þess að nemendur séu ómeðvitað vel að sér í málfræði og gæti það skýrt hvers vegna nemendur vilji læra meiri málfræði líkt og kemur fram hér (Hanna Óladóttir, 2017, bls V og 319-320). Niðurstöður rannsóknar Helgu Ólafar Pétursdóttur (2014) sýndu þvert á niðurstöður þessarar rannsóknar fram á að nemendur áttu erfitt með að sjá tilgang með kennslunni, töldu efnið óáhugavert og voru óöruggir varðandi eigin hæfni, en þær niðurstöður byggja á viðhorfi nemenda í tveimur elstu bekkjum grunnskóla (Helga Ólöf Pétursdóttir, 2014, bls. lii). Stefán Smári Jónsson (2015) skoðaði einnig viðhorf nemenda á elsta stigi grunnskóla og kennara gagnvart málfræði. Niðurstöður hans bentu til þess að nemendur virtust eiga erfitt með að nota málfræðihugtök og tengja við eigin þekkingu og sýna fram á þá þekkingu í verkefnum (Stefán Smári Jónsson, 2015, bls. 40-42). Það er spurning hvort viðhorf þátttakenda í þessum rannsóknum séu ólík vegna mögulegs munar á þroska nemenda í grunnskóla og framhaldsskóla, hvort nemendur í framhaldsskóla séu farnir að sjá tilgang með málfræðikennslu eða hvort það skýrist vegna annarra þátta. Þóra Sigurðardóttir (2016) skoðaði viðhorf kennara í grunnskólum til málfræðikennslu. Niðurstöður úr rannsókn hennar voru að kennurum þykir málfræðikennsla mikilvægur hluti af náminu (Þóra Sigurðardóttir, 2016, bls. 5). Viðhorf nemenda í þessari rannsókn voru svipuð til málfræðikennslu, þó verið sé að tala um tvo ólíka hópa, kennara og nemendur.

Þegar viðbrögð viðmælenda rannsóknarinnar eru skoðuð við spurningunum sem varða áherslur í þeirra íslenskunámi tala flestir um að það sé of mikil áhersla á bókmenntafræði í náminu. Þó kemur fram að það mætti vera meiri áhersla á nútímabókmenntir frekar en eldri bókmenntir. Af námsþáttum íslenskunnar fær bókmenntafræði mest vægi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Af sex kjarnaáföngum aðalnámskrárinnar frá



1999 voru bókmenntir nefndar í fjórum, aðeins einn áfangi var með málfræði í nafninu og sá sem gengur af fjallar um mál og menningarsögu. Tveir áfanganna voru um bókmenntir og tungumál ákveðins tímabils. Það eru mögulega þeir áfangar sem einn þátttakandi hafði í huga þegar hún nefndi að hún hefði frekar viljað læra um nútímaíslensku frekar en tungumálið á árum áður (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Hafa verður í huga að þó íslenskan sé greind niður í vissa námsþætti þá hefur síðan í aðalnámskrám frá 1989 og 1999 verið áhersla á heildstæða móðurmálskennslu, þ.e. að þessir námsþættir tvinnist saman. Guðmundur Finnbogason (1994) hefur bent á dæmi um að þessir þættir falli saman og myndi heildstæða íslenskukennslu. Í áðurnefndri skýrslu menntamálaráðuneytisins (1997) var einnig lögð áhersla á heildstæða íslenskukennslu og að námsþættir kennslunnar ættu að styðja hver annan. Það er ekki að sjá af svörum viðmælenda að þeir hugsi íslenskukennsluna sem heildstæða kennslu og að málfræðikennsla hafi farið fram samhliða bókmenntafræðinni. Jóna var sú eina sem sagði að þó áhersla hefði verið á bókmenntafræðikennslu þá hafi verið tekið á öðrum þáttum íslenskunnar samhliða.

Viðmælendur nefna aldrei námsþættina hlustun og áhorf og talað mál og framsögn. Úttekt sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið lét framkvæma árið 2011 benti til þess að þessum námsþáttum væri ekki sinnt nægilega vel. Niðurstöður þessarar rannsóknar ýta undir niðurstöðu úttektar mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem námsþættirnir hlustun og áhorf og talað mál og framsögn eru ekki í huga nemenda. Í stórrí rannsókn sem Kristján Jóhann Jónsson o.fl. (2018) gerðu var niðurstaða sambærileg þar sem kom fram að hvorki stjórnendur, kennarar eða nemendur í grunn- og framhaldsskólum fundu fyrir áherslum varðandi talað mál og hlustun og áhorf (Kristján Jóhann Jónsson o.fl., 2018, bls. 152). Enda er það ekki skrítið ef

námsþáttunum er ekki sinnt nægilega vel, þá hafa nemendur litla þekkingu á þeim þáttum eða hugsa lítið um þá.

## 6.2 Almenn vitund

Þrír viðmælendur höfðu litlar væntingar varðandi nám sitt í íslensku. Aðrir þrír viðmælendur höfðu sambærilegar væntingar og einn þeirra vildi bæta sína málfræðivitund og annar vildi geta skrifað og ritað vel. Í rannsókn Kristjáns Jóhanns Jónssonar o.fl. (2018) gáfu niðurstöður til kynna að ritunarkennsla í framhaldsskólum virðist ekki fara dýpra en sú sem fór fram í grunnskólum. Nemendur í umræddri rannsókn töluðu um að þeim þætti ritmálið sem var kennt mikilvægt en leiðinlegt og sáu ekki tilgang með því á þeim tímapunkti en mögulega í framtíðinni (Kristján Jóhann Jónsson o.fl., 2018, bls. 152).

Einn viðmælandi var með væntingar um að læra það helsta í málsögu og málfræði auk þess að geta nýtt það sem hann lærði í áframhaldandi námi. Þetta svar er í takt við kröfur aðalnámskrár. Þar segir að nemendur skuli öðlast færni á öllum sviðum málnotkunar, skriflega og munnlega, og nái að treysta eigin málnotkun. Tveir þátttakendur nefna líka að þeir vildu bæta sig í rituðu og mæltu máli en það er í takt við eitt svið lykilhæfninnar sem er skilgreint í aðalnámskrá en það er læsi, tjáning og samskipti á íslensku. Það svið felur í sér að nemandinn hafi hæfni til að skilja og skynja umhverfið sitt. Lestur og skrifleg tjáning eru þar helsta forsenda þess að einstaklingurinn geti tekið þátt í lýðræðislegu samfélagi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Hér áður í ritgerðinni var markmiðum aðalnámskrár gerð ýtarleg skil. Þar kemur fram að samkvæmt aðalnámskrá eigi nemendur að hafa öðlast ákveðna þekkingu, leikni og hæfni. Þar er námsbrautum skipt í hæfniprep. Samkvæmt upplýsingum rannsakanda ættu allir viðmælendur að hafa klárað hæfniprep 3 í íslensku (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 30). Í rannsókninni kom í ljós að viðmælendur hafa lítið velt þessu fyrir sér, höfðu

litlar væntingar til námsins og nefndu ekki nám sitt í samhengi við stefnur stjórnvalda í menntamálum. Viðmælendur nefna aldrei lykilhæfnina sem aðalnámskrá kveður á um í umræðu um væntingar sínar til námsins en ef kafað er ofan í svör viðmælenda og skýringar á lykilhæfni má þó sjá að ýjað er að lykilhæfni. Áhugavert er að sjá að nemendur virðast ekki hafa haft miklar væntingar til íslenskunáms, meira að segja einn sem sagði að hann hafi ekki haft neinar væntingar, miðað við regluverkið sem er sett utan um námið.

### 6.3 Sátt við sitt framlag

Þrjú þátttakendur töluðu um ágæta hæfni í íslensku. Tveir þátttakendur töluðu um frekar góða eða mjög góða hæfni í íslensku og einn talar líka um góða hæfni en ekki í bókmenntafræðum. Einum þátttakanda finnst hæfni sín ekki nógu góð og vísar til þess að hann hræðist það að íslenskan sé að hverfa með komandi kynslóðum. Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2010) gerði rannsókn á viðhorfi leikskólakennara til móðurmálskennslu í námi sínu. Helstu niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu að leikskólakennarar vildu auka íslenskukennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands þar sem þeir séu málfyrirmyndir og kom þar fram að of margir leikskólakennarar væru illa að sér í tungumálinu. Það er mikilvægt að fyrirmyndir barna og unglinga í námi séu vel að sér í íslensku. Spurning er hvort hægt sé tengja dalandi íslenskukunnáttu við ófullnægjandi málörvun eða hvort það séu óþarfa áhyggjur. Rannsóknin á leikskólastarfsmönnum bendir þó til þess að hægt sé að byrja strax á leikskólastigi í skólakerfinu að styrkja málfyrirmyndir barna (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2010, bls.6). Þó þessi rannsókn sé gerð á viðhorfi kennara og á öðru skólastigi er engu að síður sammerkt að þátttakendur bæði í rannsókn Ragnars og hér í þessari rannsókn vilja leggja áherslu á góða íslensku sem styrkir komandi kynslóðir innan skólakerfisins og utan þess. Í rannsókn sem Lilja Guðný Jóhannesdóttir (2010) framkvæmdi voru viðhorf íslenskukennara til

menntunar sinnar, færni, stöðu tungunnar og málræktar skoðuð. Þar var auk þess borið saman vægi móðurmálskennslu á Íslandi og í Noregi bæði í grunnskólum og í kennaranámi. Niðurstöður þar bentu til þess að dregið hefur úr móðurmálskennslu hérlandis bæði í grunnskólum og kennaranámi miðað við í Noregi. Meirihluti þeirra kennara sem tóku þátt í rannsókninni töldu menntun sína fullnægjandi til að sinna íslenskukennslu. Líkt og kemur fram í þessari rannsókn óttast viðmælandi að vandað og rétt mál sé á undanhaldi hérlandis. Þegar skoðaðar eru niðurstöður rannsóknar Ragnars og Lilju út frá því vekur það upp spurningar hvort auka þurfi vægi móðurmálskennslu á öllum skólastigum og í kennaranámi.

Af svörum viðmælenda að dæma var ekki að sjá að þeir hafi haft eitthvað sérstakt til viðmiðunar eins og t.d. grunnþætti eða lykilhæfni sem eru skilgreind í aðalnámskrá. Það var ekki að sjá að þau væru að miða við hæfniprepin sem eru skilgreind heldur en það má heldur ekki útiloka það (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Einn þátttakandi nefndi að hann hafi nú ekki haft það að markmiði að verða íslenskufraeðingur en verða aftur á móti vel hæfur til að tjá sig. Það hefur verið bent á að uppbygging náms einkennist oft af því að nemendur verði sérfræðingar í viðkomandi námsgrein. Ástæða þess er sú að háskólasamfélagið er fyrirmynd menntakerfisins. Raunhæfara er að kenna námsgrein eins og íslensku með það að markmiði að kynna nemendum námsþætti í samhengi við hvern annan (Robinson, 2006). Ef nemendur telja að þeir standi ágætlega eftir sitt framhaldsskólánám og þeir uppfylli þá þær kröfur sem hæfniprep 3 kveður á um, en það er þekking, leikni og hæfni tengd fagmennsku og sérhæfingu þá eiga þær að vera undirbúnir fyrir háskólánám, lögvarin störf, sérhæft starfsnám og listnám. Nemendur eiga einnig að geta sýnt sjálfstæð vinnubrögð.

Upplifun þátttakenda á tilgangi íslenskunáms í framhaldsskóla var nokkuð svipuð. Allir nema einn þátttakandi upplifðu tilgang með náminu. Þó upplifðu einstaklingarnir mismikinn tilgang með íslenskukennslunni. Fjórir þeirra töluðu um að sjá ekki tilgang í bókmenntafræðinni eða Íslendingasögum en einn talar þó um að Íslendingasögurnar væru skemmtilegar en tilgangslaugar. Tveir þátttakendur tala sérstaklega um að íslenskan væri grunnur sem nýttist til framtíðar. Það er komin rúmlega öld síðan Guðmundur Finnbogason (1994) vakti athygli á mikilvægi þess að nemendur væru meðvitaðir um ástæðu þess að þeir legðu stund á nám. Forsenda þess að nám væri stundað er háð því að nemendur sjái tilgang með því. Þessi aldagamla tillaga er áhugaverð í ljósi þess að nemendur í dag eru greinilega að læra eitthvað sem þeir sjá ekki tilgang með að læra.

Þeir þátttakendur sem hefðu þegið frekari kennslu voru tveir. Þau sem hefðu ekki þegið eða þáðu ekki kennslu sem var í boði voru fimm. Samkvæmt aðalnámskrá eiga nemendur sem ljúka stúdentsprófi að klára a.m.k. 10 einingar á hæfniprepi 3 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Það er síðan misjafnt eftir skólum hvort það sé boðið upp á valáfanga og hversu marga. Þeir viðmælendur rannsóknarinnar sem hefðu kosið frekara nám eru þeir nemendur sem virtust ekki hafa val um það. Í því ljósi er allt í lagi að hafa í huga að þeir nemendur sem hefðu valið frekara íslenskunám höfðu mögulega fáa aðra kosti sem valáfanga á meðan þeir sem höfðu val um íslensku höfðu mögulega úr mörgum valáföngum að velja.

## 6.4 Samantekt

Í upphafi ritgerðar voru settar fram þrjár rannsóknarspurningar sem verður svarað hér. Fyrsta spurningin var hvaða reynslu hafa útskrifaðir nemendur af íslenskukennslu í framhaldsskóla. Allir þátttakendur rannsóknarinnar voru með jákvæða upplifun af þeirri íslenskukennslu sem þeir fengu í framhaldsskóla.

Nánast öllum gekk vel eða ágætlega í íslensku á sinni framhaldsskólagöngu þó að einhverjir vildu gera betur. Önnur rannsóknarspurningin var hvert er viðhorf nemenda til íslenskukennslu í framhaldsskóla. Flestir töluðu um að sjá ekki tilgang með bókmenntafræði eða vildu hafa minna af henni auk þess voru flestir þátttakendurnir ánægðari með málfræðihlið íslenskunámsins. Flestir þátttakendur töluðu um ágæta, góða eða mjög góða hæfni í íslensku. Einn þátttakandi talaði um að eigin hæfni mætti vera betri og talaði þá um sína kynslóð almennt. Allir nema einn þátttakandi sáu tilgang með sínu íslenskunámi í framhaldsskóla. Það má því segja að heilt yfir fannst nemendum of mikið af bókmenntafræði en voru ánægðir með málfræðihlið námsins og fannst þátttakendum flestum þeir með góða hæfni í íslensku. Þriðja og síðasta rannsóknarspurningin er hverjar voru væntingar útskrifaðra nemenda til íslenskukennslu í framhaldsskóla. Þrjú þátttakenda voru með litlar væntingar varðandi þá íslenskukennslu sem þau fengu í framhaldsskóla og fjórir þátttakendur voru með væntingar sem tengdust málfræðipætti íslenskunámsins. Einn þeirra var síðan auk þess með væntingar um að læra það helsta í málsögu og að námið myndi nýtast í áframhaldandi námi. Í stuttu máli voru þátttakendur með litlar væntingar eða væntingar sem tengdust málfræðipætti námsins.

## 7 Lokaorð

Allir þeir einstaklingar sem tóku þátt í rannsókninni höfðu lokið stúdentsprófi. Auk þess voru allir nema einn í frekara námi eða höfðu lokið slíku. Einn var í iðnnámi, tveir í grunnnámi í háskóla, tveir höfðu lokið diplómanámi í háskóla og einn einstaklingur meistaranámi líkt og kemur fram í aðferðafræðikaflanum. Það má því segja að þrátt fyrir fáa þátttakendur þá var hópurinn fjölbreyttur.

Viðmælendum fannst mikil áhersla lögð á bókmenntafræði, sögur og Íslendingasögur. Meirihluti þátttakenda talaði um góða eða ágæta hæfni og sá flestir tilgang með námi sínu í íslensku. Þessi rannsókn gefur vísbendingar um að útskrifaðir nemendur í íslensku eru nokkurn veginn sáttir við námið utan við þá miklu áherslu sem þeir telja að sé á bókmenntafræði eða einhverja þætti hennar. Þátttakendur rannsóknarinnar voru sjö einstaklingar, fjórar konur og þrjú karlar og niðurstöður rannsóknarinnar eru byggðar á þeirra upplifun og reynslu. Hópurinn útskrifaðist úr framhaldsskóla á árunum 2012 til 2020 og er á aldrinum 20-29 ára þannig rannsóknin hefur takmarkanir og því ekki hægt að alhæfa yfir á alla þar sem þetta eru fáir einstaklingar. Tengsl milli þátttakenda eru lítið þekkt en maður getur aldrei verið viss í fámennu landi eins og Íslandi. Rannsakandi telur því ólíklegt að orðræða þátttakenda sé sambærileg vegna þess að þeir þekkjast heldur eru frekar líkur á því að það sé vegna sambærilegs viðhorfs til íslenskunnar. Nokkrir nemendur minnst á að hafa verið sáttir með þá kennara sem kenndu þeim íslensku en aðrir þátttakendur minnst ekki á kennara hvorki á jákvæðan eða neikvæðan hátt, er því túlkun höfundar að nemendur hafi yfir höfuð verið sáttir við þá kennara sem þeir höfðu í faginu.

Líkt og hefur komið hér fram þá voru viðmælendur helst neikvæðir gagnvart bókmenntafræði og undirgreinum hennar. Viðmælendur komu inn á í sinni umræðu að þeir sæju ekki tilgang með þeirri kennslu og fannst hún hafa

of mikið vægi í heildaryfirliti á íslenskukennslu í sínu framhaldsskólanámi. Þar sem viðmælendur hafa allir lokið framhaldsskóla og eru búnir með eða í framhaldsnámi er áhugavert að sjá þeir hefðu viljað meiri áherslu á málfræði, málnotkun og heimildavinnu. Draga má þá ályktun að þeir þættir séu það sem nemendur taka með sér eða þurfi að taka með sér í áframhaldandi nám að loknum framhaldsskóla. Það er því spurning hvort stefnumótunaraðilar þurfi að endurskoða vægi bókmennta í framhaldsskólum eða hvort það þurfi að kynna nemendum betur ástæður þess að það er farið djúpt í bókmenntafræði og bókmenntasögu Íslendinga.

Væntingar flestra viðmælenda rannsóknarinnar voru í lágmarki ef svo má segja áður en þeir hófu nám. Það var aðeins einn viðmælandi sem tók fram að hann hafði væntingar um að geta nýtt þá þekkingu og hæfni sem hann myndi öðlast í framhaldsskóla í áframhaldandi námi. Hæfniprep 3 í aðalnámskrá tilgreinir það m.a. um þá sem ljúka stúdentsprófi.

Niðurstöður rannsóknarinnar geta haft fjölbreyttan tilgang fyrir mismunandi aðila. Þar má t.d. nefna kennara sem geta nýtt sér niðurstöðurnar í skipulag kennslu. Skólastjórnendur geta verið meðvitaðir um niðurstöður ritgerðarinnar við ákvörðun um námsefni og námsmat. Auk þess geta þeir virkjað íslenskukennara til að benda á tilgang námsins og einstaka námsþætti þannig að nemendur geti sýnt því aukinn skilning. Niðurstöður gætu auk þess gagnast náms- og starfsráðgjöfum sem vinna náið með nemendum og aðstoðað við að sjá tilgang með því námi sem þeir stunda. Auk þess gætu stefnumótunaraðilar verið með niðurstöður rannsóknarinnar til hliðsjónar í starfi sínu þar sem það er líka mikilvægt að fá viðhorf nemenda á kennsluna ekki einungis stjórnvalda eða kennara. Það gæti líka verið gagnlegt fyrir almenning og foreldra að kynna sér rannsóknina til að skilja betur viðhorf og reynslu ungmenna af íslenskukennslu í framhaldsskólum hérlandis.



# Heimildir

- Atli Harðarson. (2010). Hvaða áhrif hafði Aðalnámskráin frá 1999 á bóknámsbrautir framhaldsskóla? *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2010/014/index.htm>
- Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson og Sigurður Konráðsson. (2018). Málfræði og málfræðikennsla. Í Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar), *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* (bls. 80–106). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Baldur Ragnarsson. (1977). *Móðurmál. Leiðarvísir handa kennurum og kennaraefnum*. Reykjavík: Iðunn.
- Bernharð Haraldsson og Sverrir Pálsson. (2009). *Gagnfræðaskóli Akureyrar: Saga skóla í sextíu og sjö ár*. Akureyri: Völuspá.
- Bragi Halldórsson. (2009). Íslenska í framhaldsskólum í sögulegu ljósi: Spjall á Málræktarþingi 14. nóvember 2009 í Háskóla Íslands. *Skíma*, 32(2), 11–13.
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101.
- Charmaz, K. (2006). *Constructing grounded theory: A practical guide through qualitative analysis*. London: Sage Publications.
- Creswell, J. W. (2012). *Educational research, planning, conducting and evaluating quantitative and qualitative research* (4. útgáfa). Boston, MA: Pearson.
- Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Brynhildur Þórarinsdóttir og Kristján Jóhann Jónsson. (2018). Bókmenntir og

bókmenntakennsla. Í Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson (ritstjórar), *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* (bls. 47–79). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands (frumútgáfa 1903).

Guðmundur B. Kristmundsson. (1998). Grunnskólalög og móðurmálskennsla. Í Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Örnólfur Thorsson (ritstjórar), *Greinar af sama meiði helgaðar Indriða Gíslasyni sjötugum* (bls. 121–130). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Gyða Jóhannsdóttir. (2006). Rannsóknir í Kennaraháskóla Íslands á áttunda áratugnum. Sýn og veruleiki. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2006/007/index.htm>

Hanna Óladóttir. (2017). *Skólamálfraeði: Hver er hún og hver ætti hún að vera? Um markmið og áhrif málfraeðikennslu á unglíngastigi grunnskólans* (doktorsritgerð). Sótt af [https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/393/Hanna%20Óladóttir\\_08092017.pdf?sequence=1&isAllowed=y](https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/393/Hanna%20Óladóttir_08092017.pdf?sequence=1&isAllowed=y)

Hanna Óladóttir og Margrét Guðmundsdóttir. (2012). Málfraeðikennsla – uppgötvun í öndvegi. *Skíma*, 35(2), 33–36.

Heimir Pálsson. (1998). Heildstæð móðurmálskennsla. *Skíma*, 21(1), 20–30.

Heimir Pálsson. (2001). Móðurmálskennsla. Í Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson (ritstjórar), *Alfraeði íslenskrar tungu* [margmiðlunardiskur]. Reykjavík: Lýðveldissjóður/ Námsgagnastofnun.

- Heimir Þorleifsson (ritstjóri). (1975). *Saga Reykjavíkuskóla I: Nám og nemandur*. Reykjavík: Sögusjóður Menntaskólans í Reykjavík.
- Helga Ólöf Pétursdóttir. (2014). *Kennsla á krossgötum? Viðhorf kennara og nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla til kennsluáðferða og námsefnis í íslenskri málfræði* (óútgefin meistararitgerð). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/18870/1/B.Ed.HelgaOlof.pdf>
- Helgi Elíasson. (1945). *Stutt yfirlit um skólamál á Íslandi: 1874-1944*. Reykjavík: Fræðslumálastjórnin.
- Hennink, M., Hutter, I. og Bailey, A. (2011). *Qualitative research methods*. Los Angeles: Sage Publications.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1993). Hvernig er íslenska kennd á miðstigi grunnskóla? *Skíma*, 16(1), 14–25.
- Kristín Bjarnadóttir. (2009). Gróska og stöðnun í stærðfræðimenntun 1880-1970. *Tímarit um menntarannsóknir*, 6, 51–65.
- Kristín Jónsdóttir. (2009). Þjóðtungan í nýrri aðalnámskrá grunnskóla: Ráðstefna um íslenskukennslu. *Skíma*, 32(1), 14–17.
- Kristján Jóhann Jónsson, Ásgrímur Angantýsson, Brynhildur Þórarinsdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Finnur Friðriksson, Jón Yngvi Jóhansson og Sigurður Konráðsson. (2018). *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing*. Los Angeles: Sage Publications.
- Lilja Guðný Jóhannesdóttir. (2010). *Staða íslenskukennslu: Vægi íslenskukennslu í grunnskóla- og kennaranámi og viðhorf íslenskukennara til menntunar sinnar og færni í starfi, stöðu tungunnar og málrættar* (óútgefin meistararitgerð). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/5901/1/Lokaritgerd.pdf>

- Loftur Guttormsson. (1992). Farskólalald í sextíu ár (1980-1950): Nokkrir megindrættir. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 1(1), 207–222.
- Loftur Guttormsson. (1993). Frá kristindómslestri til móðurmáls: Hugmyndafræðileg hvörf í lestrarefni skólabarna um síðustu aldamót. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 2, 9–23.
- Loftur Guttormsson. (2008). Sjálfsprottnir skólar. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*. Fyrra bindi, (bls. 56–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um grunnskóla nr. 63/1974.
- Lög um grunnskóla nr. 66/1995.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Menntamálaráðuneytið. (1960). *Námskrá fyrir nemendur á fræðsluskilyldualdri*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1976a). *Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1976b). *Aðalnámskrá grunnskóla. Móðurmál*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1989). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1991). *Til nýrrar aldar: Framkvæmdaáætlun menntamálaráðuneytisins í skólamálum til ársins 2000*. Reykjavík: Höfundur.

- Menntamálaráðuneytið. (1997). *Markmið móðurmálskennslu í grunnskólum og framhaldsskólum: Skýrsla forvinnuhóps á námssviði móðurmáls*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið (1998). *Enn betri skóli – þeirra réttur okkar skylda. Grundvöllur endurskoðunar aðalnámskráa*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1999a). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Íslenska*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1999b). *Aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Reykjavík: Höfundur.
- Námsvísir fjölbrautaskóla. (1980). *Án staðar: Án útgefanda*.
- Ólafur Páll Jónsson. (2014). Lýðræðisleg menntastefna: Sögulegt ágríp og heimspekileg greining. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 10(1), 99–117. doi: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2014.10.1.6>
- Persónuvernd. (e.d.). Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga. Sótt af <https://www.personuvernd.is/einstaklingar/spurt-og-svarad/allar-spurningar-og-svor/leyfisskyld-vinnsla-personuupplýsinga>
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. (2010). Viðhorf leikskólakennara til móðurmálskennslunnar. *Ráðstefnurit Netlu: Menntakvikva 2010*, 1–8.

- Reykjavíkurbósturinn. (1846–1847). Reglugjörð um latínuskólann í Reykjavík. 1846: 1, 2, 3; 1847: 4, 5, 6.
- Robinson, Ken. (2006). How schools kill creativity. Sótt af [http://www.ted.com/talks/ken\\_robinson\\_says\\_schools\\_kill\\_creativity.html](http://www.ted.com/talks/ken_robinson_says_schools_kill_creativity.html)
- Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Réttmæti og áreiðanleiki í megindlegum og eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 223–225). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Silverman, D og Marvasti, A. (2008). *Doing qualitative research. A comprehensive guide*. California: Sage Publications.
- Stefán Smári Jónsson. (2015). *Málfræðikennsla: Viðhorf nemenda og kennara og nýting nemenda á elsta stigi á málfræði*. (óútgefin meistararitgerð). Sótt af [https://skemman.is/bitstream/1946/21907/1/StefanSmariJonsson\\_Ritgerd\\_kdHA.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/21907/1/StefanSmariJonsson_Ritgerd_kdHA.pdf)
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2011). *Úttekt á íslenskukennslu í framhaldsskólum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Svavar Þór Guðmundsson. (2006). *Þættir úr sögu Bessastaðaskóla 1805-1846: af lektorum, brillistum og nonistum*. Reykjavík: Hólar.
- Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. New York: John Wiley and Sons.
- Tíðindi um Stjórnarmálefni Íslands*. (1875). Fyrsta bindi 1854-63. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Verzlunarskóli Íslands. (2018). *Stytting námstíma til stúdentsprófs. Skýrsla 2018*. Sótt af [https://www.verslo.is/media/2017/3-aram\\_skyrsla2018.pdf](https://www.verslo.is/media/2017/3-aram_skyrsla2018.pdf)

Þóra Sigurðardóttir. (2016). *Hver eru viðhorf kennara til málfræðikennslu?* (óútgefin meistararitgerð). Sótt af [https://skemman.is/bitstream/1946/26243/1/Lokaverkefni\\_%c3%9eS2016pdf.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/26243/1/Lokaverkefni_%c3%9eS2016pdf.pdf)

Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (1996). Um úrtök og úrtaksaðferðir. *Samfélagstíðindi*, 16, 17–36.





# Viðauki

## Viðauki 1

### Viðtalsrammi til viðmiðunar

#### Bakgrunnur

- Viltu segja mér frá sjálfum/sjálfri þér
- Hvað ertu gamall/gömul
- Hvenær útskrifaðist þú úr framhaldsskóla
- Hvaðan laukst þú stúdentsprófi
- Hvaða menntun hefur þú lokið í dag

#### Íslenskunám

- Hvað tókstu marga áfanga í íslensku og hversu margar einingar
- Hvaða væntingar hafðir þú til íslenskunáms þegar þú hófst framhaldsskólagöngu þína
- Hver var upplifun þín af íslenskukennslu
- Hvernig gekk þér að læra íslensku í framhaldsskóla
- Fannst þú fyrir einhverjum sérstökum áherslum í íslenskukennslu á þinni framhaldsskólagöngu?
- Var eitthvert námsefni sem þú hefðir viljað gefa meira vægi í þínu íslenskunámi?
- Hvernig metur þú eigin hæfni í íslensku í dag?
- Upplifir þú tilgang með þeirri íslenskukennslu sem þú hlaust?
- Hefðir þú þegið frekari íslenskukennslu hefði hún staðið til boða?